



Bæjarstjórn Garðabæjar 9. (905)/2022

Boðað er til 9. (905). fundar bæjarstjórnar fimmtudaginn 16. júní 2022 kl. 17:00 í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Dagskrá:

1. 2206002F - Fundargerð bæjarráðs frá 7/6 '22.
2205413 - Ráðningarsamningur bæjarstjóra.
2. 2206010F - Fundargerð bæjarráðs frá 14/6 '22.
2106536 - Fjárhagsáætlun Garðabæjar 2022 - viðauki nr. 1.
3. 2205038F - Fundargerð menningar- og safnanefndar frá 23/5 '22.
4. 2205039F - Fundargerð skólanefndar grunnskóla frá 1/6 '22.
5. 2205037F - Fundargerð skólanefndar tónlistarskóla frá 30/5 '22.
6. 2204044F - Fundargerð öldungaráðs frá 4/5 '22.
7. 2202013 - Fundargerð heilbrigðisnefndar frá 30/5 '22.
8. 2201214 - Fundargerð stjórnar Strætó bs. frá 20/5 '22.
9. 2201292 - Fundargerð stjórnar Sorpu bs. frá 29/4 '22.
10. 2205417 - Kosning fulltrúa í kjörstjórn og heilbrigðisnefnd.
11. 2206178 - Tillaga Viðreisnar og Framsóknarflokks um stefnumótunarvinnu á starfi félagsmiðstöðva Garðabæjar með það að markmiði að styrkja starf og bæta starfsumhverfi.



12. 2206179 - Tillaga Viðreisnar um starfshóp um þróun á grunnskólauppbyggingu Garðabæjar með hliðsjón af VSÓ skýrslu sem gerð var fyrir Garðabæ um íbúapróun sveitarfélagsins til ársins 2040.
13. 2206180 - Tillaga Viðreisnar um bætt rekstrarumhverfi sjálfstætt starfandi grunnskóla í Garðabæ.
14. 2206181 - Tillaga Garðabæjarlistans um örugg hjólastæði.
15. 2206189 - Tillaga um nafngiftir og fegrun hringtorga í Garðabæ
16. 2206188 - Tillaga um skipan undirbúningsnefndar vegna uppbyggingar miðbæjarsvæðis í Garðabæ
17. 2202330 - Reglur um greiðslur til forráðamanna barna eldri en 12 mánaða sem ekki hafa fengið úthlutað leikskólavist.
18. 2206149 - Tillaga um sumarleyfi bæjarstjórnar 2022.

Almar Guðmundsson,
bæjarstjóri.

Bæjarstjórn Garðabæjar
8. (904). fundur 2022

Fimmtudaginn 2. júní 2022 kl. 17:00 kom bæjarstjórn Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Almar Guðmundsson, bæjarfulltrúi, Björg Fenger, bæjarfulltrúi, Sigríður Hulda Jónsdóttir, bæjarfulltrúi, Margrét Bjarnadóttir, bæjarfulltrúi, Hrannar Bragi Eyjólfsson, bæjarfulltrúi, Gunnar Valur Gíslason, bæjarfulltrúi, Guðfinnur Sigurvinsson, bæjarfulltrúi, Ingvar Arnarson, bæjarfulltrúi, Þorbjörg Þorvaldsdóttir, bæjarfulltrúi, Sara Dögg Svanhildardóttir bæjarfulltrúi, og Brynja M Dan Gunnarsdóttir, bæjarfulltrúi.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Fundurinn er hljóðritaður og streymt beint á vef bæjarins.

Gunnar Valur Gíslason, sem er aldursforseti þeirra sem eiga að baki lengsta setu í bæjarstjórn setti fund. Gunnar Valur bauð bæjarfulltrúa velkomna til fyrsta fundar nýkjörinnar bæjarstjórnar Garðabæjar fyrir kjörtímabilið 2022 - 2026 og óskaði þeim til hamingju með kjör þeirra til bæjarstjórnar. Gunnar Valur færði fyrrum bæjarfulltrúum þakkir fyrir þeirra störf í þágu samfélagsins og þakkaði þeim samstarfið.

Fundargerð bæjarstjórnar frá 5. maí 2022 er lögð fram.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið

1. 2201001 - Fundargerðir yfirkjörstjórnar frá 14/5 og 18/5'22.

Lagðar fram.

2. 2205412 - Kosning forseta bæjarstjórnar og 1. og 2. varaforseta til eins árs.

Tillaga kom fram um Sigríði Huldu Jónsdóttir, sem forseta bæjarstjórnar til eins árs. Tillagan samþykkt með ellefu samhljóða atkvæðum.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, tók við stjórn fundarins og þakkaði bæjarfulltrúum traustið, Sigríður Hulda bauð bæjarfulltrúa velkomna til starfa og hvatti þá til góðra verka og samstöðu um framgang mikilvægra mála fyrir samfélagið í Garðabæ.

Tillaga kom fram um Guðfinn Sigurvinsson, sem fyrsta varaforseta. Tillagan samþykkt með ellefu samhljóða atkvæðum.

Tillaga kom fram um Ingvar Arnarson, sem 2. varaforseta. Tillagan samþykkt með ellefu samhljóða atkvæðum.

3. 2205413 - Ráðning bæjarstjóra.

Björg Fenger, lagði fram eftirfarandi tillögu:

„Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkir að ráða Almar Guðmundsson í starf bæjarstjóra Garðabæjar kjörtímabilið 2022 - 2026.

Formanni bæjarráðs er falið að ganga frá skriflegum ráðningarsamningi við bæjarstjóra þar sem starfskjör hans eru ákveðin, sbr. 2. mgr. 54. gr. sveitarstjórnarlaga.

Samningurinn skal lagður fyrir bæjarráð og til staðfestingar í bæjarstjórn.“

Sara Dögg Svanhildardóttir, tók til máls og gerði grein fyrir ástæðu þess að hún situr hjá við afgreiðslu á tillögu um ráðningu bæjarstjóra.

Þorbjörg Þorvaldsdóttir, tók til máls og lagði fram eftirfarandi bókun.

„Garðabæjarlistinn situr hjá við þessa atkvæðagreiðslu þar sem við teljum mikilvægt að bæjarstjóri Garðabæjar sé fyrst og fremst ráðinn á faglegum grundvelli. Okkur finnst eðlilegt að bæjarstjóri sé framkvæmdastjóri sveitarfélagsins og fylgi stefnu bæjarstjórnar en sitji ekki báðum megin borðsins.

Björg Fenger, tók til máls og lagði fram eftirfarandi bókun.

„Í aðdraganda sveitarstjórnarkosninganna í maí sl. kynntu frambjóðendur Sjálfstæðisflokkurinn í Garðabæ að oddvitinn, Almar Guðmundsson, væri bæjarstjóraefni flokksins. Niðurstaða kosninganna liggur fyrir og ljóst að bæjarbúar styðja þá stefnu flokksins, enda býr Almar yfir góðri menntun og víðtækri reynslu af málefnum bæjarins og stjórnunarstörfum sem mun nýtast vel í starfi bæjarstjóra.“

Tillaga um ráðningu bæjarstjóra samþykkt með sjö atkvæðum. (AG,BF,SHJ,MB,HBE,GVG,GS,) Fjórir bæjarfulltrúar sitja hjá. (ÞÞ,IA,SDS,BDG)

4. 2205415 - Kosning nefnda til eins árs.

Bæjarráð fimm aðalmenn

Aðalmenn: Björg Fenger, formaður, Gunnar Valur Gíslason, varaformaður, Margrét Bjarnadóttir, Ingvar Arnarson og Sara Dögg Svanhildardóttir.

Áheyrnarfulltrúi: Brynja Dan Gunnarsdóttir

Varamenn taka sæti í bæjarráði í þeirri röð sem þeir skipa á sama lista og aðalfulltrúar.

5. 2205416 - Kosning nefnda til tveggja ára.

a. Stjórn Sorpu bs.

Aðalmaður:

Guðfinnur Sigurvinsson.

Varamaður:

Sigríður Hulda Jónsdóttir.

b. Stjórn Strætó bs.

Aðalmaður:

Hrannar Bragi Eyjólfsson.

Varamaður:

Gunnar Valur Gíslason.

6. 2205417 - Kosning fastanefnda til fjögurra ára.

a) Fjölskylduráð

Aðalmenn:

Gunnar Valur Gíslason, formaður, Sturla Þorsteinsson, María Guðjónsdóttir, Þorbjörg Þorvaldsdóttir, Brynja Dan Gunnarsdóttir.

Varamenn:

Eymundur Sveinn Einarsson, Berglind Víðisdóttir, Vigdís Gunnarsdóttir, Theódóra Fanndal, Ásta S. Sigurðardóttir.

b) Íþróttá- og tómstundaráð

Aðalmenn:

Hrannar Bragi Eyjólfsson, formaður, Harpa Rós Gísladóttir, Laufey Jóhannsdóttir, Harpa Þorsteinsdóttir, Einar Örn Ævarsson.

Varamenn:

Lilja Lind Pálsdóttir, Daníel Þorri Hauksson, Stefanía Magnúsdóttir, Sigurður Þórðarson, Árni Björn Kristjánsson.

c) Yfirkjörstjórn

Aðalmenn: Soffía Eydís Björgvinsdóttir, Jóhann Steinar Ingimundarson, Gunnar Hólmsteinn Ársælsson.

Varamenn: Finnur Magnússon, Hrafnhildur Helgadóttir.

Áheyrnarfulltrúar: Erlendur Kristjánsson.

d) Leikskólanefnd

Aðalmenn:

Margrét Bjarnadóttir, formaður, Haukur Þór Hauksson, Inga Rós Reynisdóttir, Finnur Jónsson, Rakel Vilhjálmsdóttir.

Varamenn:

Kristjana Sigursteinsdóttir, Þorri Geir Rúnarsson, Eydís Sigurðardóttir, Maru Aleman, Benedikt D. Valdez Stefánsson.

e) Menningar- og safnanefnd

Aðalmenn:

Guðfínnur Sigurvinsson, formaður, Guðrún Arna Sturludóttir, Torfi Geir Símonarson, Sveinbjörg Vilhjálmsdóttir, Guðlaugur Kristmundsson.

Varamenn:

Steinunn Vala Sigfúsdóttir, Laufey Arnalds Johansen, Jóhann Jónsson, Björn Gabríel Björnsson, Elín Jóhannsdóttir.

f) Skipulagsnefnd

Aðalmenn:

Björg Fenger, formaður, Lúðvík Örn Steinarsson, Guðrún Dóra Brynjólfssdóttir, Baldur Ólafur Svavarsson, Hlynur Bæringsson.

Varamenn:

Sigprúður Ármann, Eiríkur Svavarsson, Sigríður Indriðadóttir, Ingvar Arnarson, Ásta Leonards.

g) Skólanefnd grunnskóla

Aðalmenn: Sigríður Hulda Jónsdóttir, formaður, Jóhann Steinar Ingimundarson, Bryndís Ásgeirsdóttir, Hannes Ingi Geirsson, Rakel Steinberg Sölvadóttir

Varamenn:

Lilja Hrund Lúðvíksdóttir, Magnús Árni Sigfússon, Eva Björg Torfadóttir, Hulda Gísladóttir, Hlynur Bæringsson.

h) Skólanefnd Tónlistarskóla Garðabæjar

Aðalmenn:

Lilja Lind Pálsdóttir, formaður, Einar Örn Magnússon, Sigrún Antonsdóttir, Ingvar Arnarson, Tinna Borg.

Varamenn:

Guðjón Máni Blöndal, Védís Hervör Árnadóttir, Guðrún Ásta Lúðvíksdóttir, Sólveig Guðrún Geirsdóttir, Rakel Norðfjörð.

i) Stjórn Hönnunarsafns Íslands

Aðalmenn:

Stella Stefánsdóttir, formaður Vera Rut Ragnarsdóttir, Guðlaugur Kristmundsson.

Varamenn:

Margrét Gunnlaugsdóttir, Magnús Kristinn Einarsson, Thomas Möller.

j) Umhverfisnefnd

Aðalmenn:

Stella Stefánsdóttir, formaður, Jóna Sæmundsdóttir, Eiríkur Þorbjörnsson, Gréta Ósk Óskarsdóttir, Eyþór Eðvarðsson.

Varamenn:

Viktoría Jensdóttir, Sófus Gústavsson, Hrönn K. Sch Hallgrímsdóttir, Guðrún Elín Herbertsdóttir, Einar Þór Einarsson.

Sara Dögg Svanhildardóttir, kvaddi sér hljóðs og lagði fram eftirfarandi tillögu sem hún flytur ásamt Brynju Dan Gunnarsdóttur.

„Bæjarfulltrúar Viðreisnar og Framsóknarflokks leggja til við bæjarstjórn Garðabæjar að farið verði í endurskoðun á samþykktum um stjórn Garðabæjar um áheyrnarfulltrúa.

Lagt er til að öll framboð sem hafi kjörin bæjarfulltrúa en hafa ekki fulltrúa í sérhverri fastrí nefnd Garðabæjar eigi rétt á að skipa þar áheyrnarfulltrúa með málfrelsi og tillögurétt. Farið verði eftir reglum um áheyrnarfulltrúa í bæjarráð og að áheyrnarfulltrúar fái greitt fyrir nefndarsetu, líkt og aðrir fastir nefndarfulltrúar.“

Sara Dögg Svanhildardóttir, bæjarfulltrúi og oddviti Viðreisnar

Brynja Dan Gunnarsdóttir, bæjarfulltrúi og oddviti Framsóknarflokks

Greinargerð.

Í 50. gr sveitarstjórnarlaga segir: „Hafi sveitarstjórn verið kjörin bundinni hlutfallskosningu og einhver framboðsaðili sem fulltrúa á í sveitarstjórn nær ekki kjöri í byggðarráð er fulltrúum þessa aðila heimilt að tilnefna áheyrnarfulltrúa til þátttöku í fundum nefndarinnar. Hið sama á við um fastanefndir sem falið hefur verið fullnaðarákvörðunarvald í málum. Sveitarstjórn er enn fremur heimilt að ákveða í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins að sama regla gildi um aðrar fastanefndir.“

Í samþykktum um stjórn Garðabæjar er ekki gert ráð fyrir fulltrúum allra flokka eða framboða sem hljóta kjör til bæjarstjórnar í nefndum þ.e.a.s. ekki er gert ráð fyrir áheyrnarfulltrúum þar sem flokkur með kjörinn bæjarfulltrúa á ekki fulltrúa í nefnd.

Framangreind tillaga er lögð fram til þess að tryggja lýðræðislega aðkomu allra flokka eða framboða að nefndum eins vel og mögulegt er líkt og fram kemur í 50. gr sveitarstjórnarlaga.

Það er ekki sjálfgefið að samstarf líkt og orðið hefur á milli þeirra flokka sem skipta þurfa með sér einum nefndarmanni inn í allar nefndir takist og því mikilvægt að tryggja sem best má aðkomu allra að þeirri umræðu sem fram fer innan nefnda.

Því leggjum við í Viðreisn ásamt bæjarfulltrúa Framsóknarflokksins fram framangreinda tillögu.

Almar Guðmundsson. tók til máls um framkomna tillögu og lagði til að henni verði vísað til bæjarráðs.

Þorbjörg Þorvaldsdóttir, tók til máls um framkomna tillögu og lagði fram eftirfarandi bókun:

„Garðabæjarlistinn styður tillögu Framsóknar og Viðreisnar, enda er aukin aðkoma og aðgengi allra flokka að nefndarstarfi mikilvægt lýðræðismál og mun stuðla að upplýstari umræðu og því að fulltrúar allra kjósenda í Garðabæ geti uppfyllt skyldur sínar.“

Bæjarstjórn samþykkir að vísa framkominni tillögu til bæjarráðs.

7. 2205418 - Kosning í samstarfsnefndir.

a) Almannaþingarnefnd

Aðalmenn:

Almar Guðmundsson, Björg Fenger.

Varamenn:

Sigríður Hulda Jónsdóttir og Margrét Bjarnadóttir.

b) Stjórn skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins

Aðalmenn:

Bjarni Th. Bjarnason.

Varamenn:

Björg Fenger.

c) Heilbrigðisnefnd

Aðalmaður:

Ingibjörg Hauksdóttir.

Varamaður:

Jón Bjarni Þorsteinsson.

d) Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins

Aðalmenn:

Björg Fenger, Ingvar Arnarson.

Varamenn:

Guðrún Dóra Brynjólfsdóttir, Baldur Ólafur Svavarsson.

e) Stjórn Styrktarsjóðs Garðasóknar

Aðalmaður:

Einar Farestveit.

Varamaður:

Hrannar Bragi Eyjólfsson.

f) Stjórn Reykjanesfólkvangs

Aðalmaður:

Stella Stefánsdóttir.

Varamaður:

Jóna Sæmundsdóttir.

g) Stjórn SSH

Aðalmaður:

Almar Guðmundsson

Varamaður:
Björg Fenger.

h) Stjórn SHS

Aðalmaður:
Almar Guðmundsson.

Varamaður
Björg Fenger.

i) Öldungaráð

Harpa Rós Gísladóttir, Jörundur Jökulsson, Sveinbjörg Vilhjálmsdóttir.

j) Samráðshópur um málefni fatlaðs fólks

Kristín Einarsdóttir, Sveinbjörn Halldórsson, Hjördís Guðmundsdóttir.

k) Stefnuráð byggðasamlaganna

Almar Guðmundsson, Björg Fenger, Sara Dögg Svanhildardóttir.

l) Stefnuráð áfangastaðarins höfuðborgarsvæðisins

Guðfinnur Sigurvinsson, Einar Þór Einarsson.

8. 2205419 - Kosning fulltrúa á landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Aðalmenn:

Björg Fenger, Sigríður Hulda Jónsdóttir, Margrét Bjarnadóttir, Ingvar Arnarson og Sara Dögg Svanhildardóttir.

Varamenn:

Hrannar Bragi Eyjólfsson, Gunnar Valur Gíslason, Guðfinnur Sigurvinsson, Þorbjörg Þorvaldsdóttir, Brynja Dan Gunnarsdóttir.

9. 2205012F - Fundargerð bæjarráðs frá 10/5'22

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 11. tl., fyrirspurn um fjölda tilkynninga er varðar þjónustu við fatlað fólk og lagði fram eftirfarandi bókun.

„Viðreisn hvetur til þess að Garðabær kalli eftir því að athugasemdir sem berast réttindagæslunni er varða þjónustu við fatlað fólk verði greindar niður á sveitarfélög. Þannig má fá betri upplýsingar um það sem betur má fara enda gagnsæi og tölulegar upplýsingar um þjónustu mikilvægur liður í mati á því hvernig megi almennt bæta þjónustu.“

Ingvar Arnarson, ræddi 5. tl., bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga varðandi brotthvarf úr framhaldsskólum.

Gunnar Valur Gíslason, ræddi 2. tl., tilboð í framkvæmdir við byggingu leikskóla í Urriðaholti og 3. tl., útboðslýsingu vegna framkvæmda við 2. áfanga Urriðaholtsskóla og mat á fjárhagslegum áhrifum.

Ingvar Arnarson, ræddi 2. tl., tilboð í framkvæmdir við byggingu leikskóla í Urriðaholti.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, ræddi 5. tl., bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga varðandi brotthvarf úr framhaldsskólum.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 5. tl., bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga varðandi brotthvarf úr framhaldsskólum.

Almar Guðmundsson, ræddi 5. tl., bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga varðandi brotthvarf úr framhaldsskólum.

Björg Fenger, ræddi 5. tl., bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga varðandi brotthvarf úr framhaldsskólum.

Fundargerðin sem er 11 tl., er samþykkt samhljóða.

10. 2205022F - Fundargerð bæjarráðs frá 17/5'22

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 6. tl., drög að samningi um rekstur leikskóla í Urriðaholti og lagði fram eftirfarandi bókun.

„Viðreisn fagnar þeirri ákvörðun að samið hafi verið við sjálfstætt starfandi rekstraraðil til þess að reka nýjan leikskóla í Garðabæ. Slík ákvörðun er ekki einungis til þess fallin að bjóða upp á fjölbreytt val foreldra og barna heldur er á sama tíma verið að auka mikilvægt val starfsfólks um starfsumhverfi innan sveitarfélagsins.“

Almar Guðmundsson, ræddi 6. tl., drög að samningi um rekstur leikskóla í Urriðaholti og framkomna bókun.

Hrannar Bragi Eyjólfsson, ræddi 3. tl., bréf mennta- og barnamálaráðherra varðandi stuðning við móttöku barna á flóttu frá Úkraínu.

Ingvar Arnarson, ræddi 3. tl., bréf mennta- og barnamálaráðherra varðandi stuðning við móttöku barna á flóttu frá Úkraínu og 4. tl., erindi Sentia sálfræðistofu um aðstöðu í Heiðmörk fyrir námskeiðahald.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, ræddi 3. tl., bréf mennta- og barnamálaráðherra varðandi stuðning við móttöku barna á flóttu frá Úkraínu

Afgreiðsla mála.

Bæjarstjórn samþykkir samhljóða samning við Skóla ehf. um rekstur leikskóla í Urriðaholti en um er að ræða starfsemi sem í byrjun mun fara fram í húseiningum á þjónustulóð sem staðsett er á deiliskipulagssvæði vesturhluta Urriðaholts með aðkomu frá Kaupúni.

Fundargerðin sem er 6 tl., er samþykkt samhljóða.

11. 2205032F - Fundargerð bæjarráðs 24/5'22

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 2. tl., móttöku flóttafólks frá Úkraínu og 4. tl., bréf varðandi stöðu barna með sérþarfir. Sara Dögg lagði fram eftirfarandi bókun:

„Það er ljóst að taka verður betur utan um þau börn og ungmenni sem þurfa á sértækum stuðning að halda inn á námskeið sem boðið er upp á yfir sumartímenn. Garðabær verður að tryggja meiri fyrirsjáanleika þegar kemur að sumarafþreyingu allra barna.

Sumarfrístund á vegum sveitarfélagsins er leið sem Viðreisn og Framsóknarflokkurinn leggja áherslu á að verði valmöguleiki þar sem sumarnámskeið á vegum íþróttahreyfingarinnar eða annarra utanaðkomandi aðila henta ekki öllum börnum.“

Sara Dögg Svanhildardóttir bæjarfulltrúi Viðreisnar
Brynja Dan Gunnarsdóttir bæjarfulltrúi Framsóknarflokks

Þorbjörg Þorvaldsdóttir, ræddi 4. tl., bréf varðandi stöðu barna með sérþarfir og 2. tl., móttöku flóttafólks frá Úkraínu.

Gunnar Valur Gíslason, ræddi 7. tl., skýrslu starfshóps um heildarendurskoðun á lögum nr. nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

Almar Guðmundsson, ræddi 2. tl., móttöku flóttafólks frá Úkraínu og 4. tl., bréf varðandi stöðu barna með sérþarfir.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 4. tl., bréf varðandi stöðu barna með sérþarfir og 7. tl., skýrslu starfshóps um heildarendurskoðun á lögum nr. nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

Ingvar Arnarson, ræddi 2. tl., móttöku flóttafólks frá Úkraínu og 8. tl., erindi Fjölbrautaskólans í Garðabæ varðandi samstarf um staðsetningu frísbíolfvallar við skólann.

Fundargerðin sem er 14 tl., er samþykkt samhljóma.

12. 2204032F - Fundargerð fjölskylduráðs frá 27/4'22

Almar Guðmundsson, ræddi 4. tl., samstarf við Hugarafl um endurhæfingaúrræði.

Þorbjörg Þorvaldsson, ræddi 4. tl., samstarf við Hugarafl um endurhæfingaúrræði.

Fundargerðin lögð fram.

13. 2205006F - Fundargerð íþróttá- og tómstundaráðs frá 16/5'22

Björg Fenger, ræddi 2. tl., beiðni um styrk vegna Evrópumóts stúlknalandsliða í golfi 2022 og önnur mál, ásókn íþróttafélaga um aðstöðu til íþróttaiðkunar.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi önnur mál, ásókn íþróttafélaga um aðstöðu til íþróttaiðkunar og vakti athygli á tillögu sem lögð var fram um skipun rýnihóps um framtíðarstarfsemi Miðgarðs.

Fundargerðin lögð fram.

14. 2205028F - Fundargerð leikskólanefndar frá 17/5'22

Margrét Bjarnadóttir, ræddi 1. tl., helstu verkefni leikskólanefndar á síðasta kjörtímabili.

Fundargerðin lögð fram.

15. 2204003F - Fundargerð skólanefndar grunnskóla frá 4/5'22

Sigríður Hulda Jónsdóttir, ræddi 1. tl., íbúa- og þjónustukönnun Gallup og 3. tl., niðurstöður skýrslu Rannsóknar og greiningar.

Sara Dögg Svanhildardóttir, kvaddi sér hljóðs og nýtti tækifærið til að þakka fyrir samstarfið í skólanefnd á síðasta kjörtímabili.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, tók til máls og þakkaði Söru Dögg og öðrum fulltrúum í skólanefnd samstarfið á síðasta kjörtímabili.

Fundargerðin lögð fram.

16. 2205023F - Fundargerð stjórnar Hönnunarsafns Íslands frá 17/5'22

Gunnar Valur Gíslason, ræddi 1. tl., húsnæðismál Hönnunarsafns Íslands og 2. tl., viðræður við menningar- og viðskiptaráðuneytið um nýjan rekstrar- og uppbyggingarsamning.

Fundargerðin lögð fram.

17. 2205016F - Fundargerð umhverfisnefndar frá 11/5'22

Guðfinnur Sigurvinsson, ræddi 2. tl. verkefnið *Garðabær gegn sóun* og innleiðingu á innkaupa og úrgangsstefnu Garðabæjar, 1. tl. áherslur sveitarfélaga um íslenskunotkun varðandi skilti og merkingar, 3. tl., hreinsunaráttak bæjarins, 4. tl., fuglaflensu á Íslandi og 5. nýtt fræðsluskilti um fugla við Urriðavatn.

Ingvar Arnarson, ræddi 2. tl., verkefnið *Garðabær gegn sóun* og innleiðingu á innkaupa og úrgangsstefnu Garðabæjar, 4. tl., fuglaflensu á Íslandi og 5. tl., nýtt fræðsluskilti um fugla við Urriðavatn.

Fundargerðin lögð fram.

18. 2201292 - Fundargerðir stjórnar Sorpu bs. frá 11/3 og 1/4 '22.

Fundargerðin lögð fram.

19. 2201365 - Fundargerð stjórnar SSH frá 2/5 '22.

Sara Dögg Svanhildardóttir, tók til máls og ræddi tillögu sem lögð hefur verið fram á vettvangi SSH um frístundastarf fatlaðra barna og ungmenna.

Brynja Dan Gunnarsdóttir, ræddi sama mál og tók undir mikilvægi þess að bjóða upp á félagsstarf fyrir fötluð börn og ungmenni.

Fundargerðin lögð fram.

20. 2201214 - Fundargerð stjórnar Strætó bs. frá 29/4 '22.

Gunnar Valur Gíslason ræddi 5. tl., endurskoðun fjárhagsáætlunar Strætó og vísaði einnig til 1. tl., eigendafundar þar sem fjallað var um sama mál.

Fundargerðin lögð fram.

21. 2203555 - Fundargerð eigendafundar Strætó bs. frá 23/5 '22.

Gunnar Valur Gíslason ræddi 3. tl., rekstur almenningssamgangna

Fundargerðin lögð fram.

22. 2201001 - Kæra M - lista um ólögmati sveitarstjórnarkosninga í Garðabæ.

Lögð fram kæra M-lista til úrskurðarnefndar kosningamála ásamt umsögn yfirkjörstjórnar.

Á fundinum var upplýst að kveðinn hefur verið upp úrskurður í málinu og í úrskurðarorði kemur fram að kröfu M-lista um ógildingu sveitarstjórnarkosninga í Garðabæ er hafnað.

Fleira ekki gert.,

Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarstjórnar Garðabæjar 2. júní 2022 er lesin upp í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Sigríður Huldur Jónsdóttir

Guðmundur Guðmundsson

Áshelga Guðlaugsdóttir

Þorvaldur Guðmundsson

Ólafur Guðmundsson

Halldór Guðmundsson

Þórunn Guðmundsdóttir

Margrét Bjarnadóttir

Harður Dagur Guðmundsson

Fundargerð bæjarstjórnar 2. júní 2022 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Garðabæ, 27. maí 2022

Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)

Gunnar Valur Gíslason, (sign)

Sara Dögg Svanhildardóttir, (sign)

Brynja M Dan Gunnarsdóttir, (sign)

Almar Guðmundsson, (sign)

Guðfinnur Sigurvinsson, (sign)

Ingvar Arnarson, (sign)

Þorbjörg Þorvaldsdóttir, (sign)

Björg Fenger, (sign)

Margrét Bjarnadóttir, (sign)

Hrannar Bragi Eyjólfsson, (sign)

Bæjarráð Garðabæjar
20. (2027). fundur 2022

Priðjudaginn 7. júní 2022 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Björg Fenger, formaður, Gunnar Valur Gíslason, aðalmaður, Hrannar Bragi Eyjólfsson, varamaður, Ingvar Arnarson, aðalmaður, Sara Dögg Svanhildardóttir, aðalmaður, Brynja M Dan Gunnarsdóttir, áheyrnarfulltrúi, Almar Guðmundsson, bæjarstjóri, Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari, Eiríkur Björn Björgvinsson, sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs, Svanhildur Þengilsdóttir, sviðsstjóri fjölskyldusviðs, Hulda Hauksdóttir, upplýsingastjóri og Guðbjörg Brá Gísladóttir, deildarstjóri umhverfis og framkvæmda.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2205413 - Ráðningarsamningur bæjarstjóra.

Lagður fram ráðningarsamningur bæjarstjóra.

Ingvar Arnarson, lagði fram eftirfarandi bókun.

„Hérna höfum við samning sem er gerður af Sjálfstæðisflokknum við oddvita þeirra og það án allrar aðkomu minnihlutans. Við í Garðabæjarlistanum viljum hafa laun bæjarstjóra lægri en þau sem eru í þessum samningi. Við teljum þetta of há laun fyrir þau störf sem bæjarstjóri í 18.000 manna sveitarfélagi á að fá.

Sara Dögg Svanhildardóttir, lagði fram eftirfarandi bókun og viðaukatillögu.

„Laun bæjarstjóra Garðabæjar eru í engu samræmi við almenna launaþróun í landinu og með engu móti hægt að styðja við þau launakjör sem hér um ræðir sé tekið mið af umfangi sveitarfélagsins Garðabæjar.

Þá er ráðningarsamningur við bæjarstjórnann efnislega ófullnægjandi þegar horft er til þeirra réttinda og skyldna sem tilgreind eru í ráðningarsamningum í dag. Þannig er hvergi tilgreint hvernig greiðslum skuli háttáð í séreignarsjóð, orlofssjóð, sjúkrasjóð, aðild í stéttarfélag o.þ.h. Ennfremur ávinnslu orlofs, veikindadaga, réttinda úr sjúkrasjóði o.fl. Gildir þar einu hvort um almenn eða sérákvæði sé að ræða, ákvæðin þurfa að vera skýr gagnvart bæði launagreiðanda og launþega. Þá er hvergi minnst á hvernig greiðslum skuli háttáð varðandi síma, net og annan aðbúnað eins og kveðið er á um í öllum ráðningarsamningum í dag.

Hér er um hagsmunagæslu fyrir bæði launþega og launagreiðanda að ræða. Þetta varðar réttindi og skyldur beggja og samningurinn þarf að vera skýr hvað þetta varðar.

Hér er tækifæri til að sýna gott fordæmi fyrir þá gagnsæju stjórnsýslu sem starfandi bæjarstjórn hét bæjarbúum. Vöndum til verka og látum ráðningarsamning við bæjarstjórnann vera fyrstu afurðina í þeim efnum hjá þessari bæjarstjórn.“

„Viðreisn leggur til við bæjarráð að gerð verði starfslýsing fyrir starf bæjarstjóra í þágu gagnsæis, nútímalegri og faglegri vinnubragða.“

Viðaukatillaga Söru Daggar við ráðningarsamning bæjarstjóra er felld með atkvæðum Bjargar Fenger, Gunnars Vals Gíslasonar og Hrannars Braga Eyjólfssonar. Ingvar Arnason og Sara Dögg Svanhildardóttir greiða atkvæði með tillögnum.

Ráðningarsamningur við bæjarstjóra er samþykktur með atkvæðum Bjargar Fenger, Gunnars Vals Gíslasonar og Hrannars Braga Eyjólfssonar. Ingvar Arnarson, greiðir atkvæði gegn samþykkt samningsins. Sara Dögg Svanhildardóttir, situr hjá.

Björg Fengler lagði fram eftirfarandi bókun.

„Við gerð ráðningarsamnings um starfskjör bæjarstjóra Garðabæjar var horft til starfskjara bæjarstjóra í sveitarfélögunum í kring. Starfskjör bæjarstjóra Garðabæjar voru því bæði einfölduð og lækkuð frá því sem áður var. Þess má geta að í ráðningarsamningnum er nú kveðið á um bifreiðastyrk vegna afnota bæjarstjóra á eigin bíl í stað þess að bæjarstjóra sé látið í té bifreið vegna starfsins.

Fullyrðingu um að Garðabær sé á einhvern hátt að taka sér stöðu gegn almennri launaþróun í landinu er hafnað.“

Samningurinn verður lagður fram í bæjarstjórn til staðfestingar.

2. 2202139 - Aratún 7 - Umsókn um byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Anítu Gísladóttur, kt. 290573-3009, leyfi fyrir viðbyggingu við núverandi einbýlishúsi að Aratúni 7.

3. 2007640 - Frjóakur 9 - Umsókn um byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Margréti Írisi Ármann Baldursdóttur, kt. 060174-4079, leyfi fyrir breytingum á tæknirými og ísetningu glugga á austurhlíð í kjallara einbýlishússins að Frjóakri 9.

Björg Fengler vék sæti við umræðu og afgreiðslu málsins.

4. 2203099 - Grímsgata 6 - Umsókn um byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Mannvirki ehf., kt. 431014-1060, leyfi til að byggja fjölbýlishús með 19 íbúðum að Grímsgötu 6.

5. 2110307 - Hraungata 26 - Umsókn um byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita RK bygg ehf., kt. 560916-1830, leyfi til að byggja einbýlishús að Hraungötu 26.

6. 2205309 - Miðskógar 4 - Umsókn um byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Ásthildi Sveinsdóttur, kt. 051242-3009, leyfi fyrir innri breytingum á núverandi einbýlishúsi að Miðskógum 4.

7. 2204277 - Lambamýri 1-3 - hús nr. 3 - Umsókn um byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Húsbygg ehf., kt. 630210-1430, leyfi til að byggja fjölbýlishús með 16 íbúðum að Lambamýri 1-3 (hús nr. 3).

8. 2202330 - Reglur um greiðslur til foreldra barna eldri en 12 mánaða sem ekki hafa fengið úthlutað leikskólavist.

Bæjarráð samþykkir að fela bæjarstjóra að vinna að gerð reglna um heimagreiðslur til foreldra sem koma til afgreiðslu í bæjarstjórn.

9. 2108229 - Útboðslýsing vegna framkvæmda við gatnagerð á Kjóavöllum.

Deildarstjóri umhverfis- og framkvæmda gerði grein fyrir útboðslýsingu vegna framkvæmda við gatnagerð í nýju hesthúsahverfi á Kjóavöllum en úthlutun á hluta lóðanna hefur þegar farið fram.

Farið var yfir áætlaðan kostnað við gatnagerð og tekjur af gatnagerðargjöldum og byggingarréttargjöldum.

Bæjarráð samþykkir að fela bæjarstjóra að auglýsa útboð á framkvæmdum við gatnagerð í nýju hesthúsahverfi á Kjóavöllum.

10. 2110240 - Opnun tilboða í útvegum og lagningu gervigrass á knattspyrnuvöll í Urriðaholti.
Eftirfarandi tilboð bærust í útvegum og lagningu gervigrass á nýjan knattspyrnuvöll í Urriðaholti.

Metratron ehf., tilboð 1	kr. 28.924.968
Metratron ehf., tilboð 2	kr. 30.785.992
Metratron ehf., tilboð 3	kr. 32.835.512
Altis ehf., tilboð 1	kr. 31.220.000
Altis ehf., tilboð 2	kr. 34.651.824
Kostnaðaráætlun	kr. 28.700.000

Bæjarráð samþykkir að taka tilboði Metratron um lágsta tilboð. (tilboð nr. 1). Samþykktin er með fyrirvara um að uppfylltir séu allir skilmálar útboðsins og er bæjarverkfræðingi falin afgreiðsla málsins. Vakin er athygli á að samkvæmt 86. gr. laga um opinber innkaup nr. 120/2016 þarf að líða 5 daga biðtími frá ákvörðun um töku tilboðs til gerðar samnings. Heimilt er að skjóta ákvörðun bæjarráðs til kærunefndar útboðsmála og er kærufrestur samkvæmt 106. gr. laga um opinber innkaup 20 dagar frá því að kæranda var eða mátti vera kunnugt um ofangreinda ákvörðun.

11. 2205471 - Tilkygning frá kærunefnd útboðsmála varðandi kærnu Þarfapings hf. á útboði vegna framkvæmda við byggingu leikskóla í Urriðaholti, dags. 30.05.22.
Bæjarráð felur Juris lögmannsstofu að gæta hagsmuna bæjarins í málinu.

12. 2205454 - Tilkygning frá mennta- og barnamálaráðuneytinu varðandi breytingar á barnaverndarlögum sem koma til framkvæmda 1. janúar 2023 - umboð barnaverndarnefnda framlengt, dags. 27.05.22.
Bæjarráð vísar tilkygningunni til upplýsingar í fjölskylduráði.

13. 2205118 - Bréf reikningsskila- og upplýsinganefndar varðandi skil á viðauka vegna reikningsskila á hlutdeild byggðasamlaga í ársreikningi, dags. 05.05.22.
Á fundinum var upplýst að KPMG er að vinna að gerð viðauka vegna málsins í samráði reikningsskila- og upplýsinganefnd. Viðauki verður lagður fram í bæjarráði 14. júní nk. og í bæjarstjórn 16. júní nk.

14. 2205414 - Tilkygning frá Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu varðandi fundargerðir stefnuráðs byggðasamlaganna, dags. 24.05.22.
Lagðar fram fundargerðir stefnuráðs byggðasamlaganna frá 22.11.2021, 11.02.2022 og 27.04.2022.

15. 2205435 - Bréf Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu varðandi beiðni um tilnefningar á fulltrúm í stjórnir, ráð og nefndir, dags. 24.05.22.
Lagt fram.

16. **2205452 - Ákall kennara til sveitarstjórna um allt land - MENNTUN TIL SJÁLFBÆRNI, dags. 27.05.22**
Bæjarráð vísar ákalli kennara um að grípa strax til aðgerða í loftlagsmálum til umfjöllunar í skólanefnd grunnskóla, leikskólanefnd og umhverfisnefnd.
17. **2205362 - Undirskriftarlisti nemenda í Flataskóla varðandi áskorun um stóra rennibraut í Ásgarðslaug.**
Bæjarráð vísar undirskriftalistanum til bæjarstjóra.
18. **2205481 - Tilkynning frá landskjörstjórn varðandi birtingu áforma um breytingar á kosningalögum í samráðsgátt stjórnvalda, dags. 30.05.22.**
Lögð fram.
19. **2205480 - Erindi Snorrasjóðs varðandi beiðni um stuðning við Snorraverkefnið 2022, dags. 30.05.22.**
Bæjarráð vísar erindinu til bæjarstjóra.
20. **2206034 - Bréf Egils Grétars Andrasonar varða beiðni um styrk vegna þátttöku á Ólympíuleikum í eðlisfræði, dags. 31.05.22.**
Bæjarráð samþykkir að verða við erindi Egils Grétars Andrasonar, kt. 261203-2430 um greiðslu sumarlauna 2022 vegna undirbúnings fyrir þátttöku á ólympíuleikjunum í eðlisfræði.
21. **2206033 - Bréf Félags atvinnurekenda varðandi ályktun til sveitarfélaga vegna fasteignagjalda á atvinnuhúsnæði, dags. 31.05.22.**
Bæjarráð vísar erindinu til nánari skoðunar við ákvörðun á gjaldstigi fasteignagjalda og undirbúnings fjárhagsáætlunar fyrir árið 2023.

Fleira ekki gert.,
Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar 7. júní 2022 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Björg Fenger, (sign)

Gunnar Valur Gíslason, (sign)

Hrannar Bragi Eyjólfsson, (sign)

Ingvar Arnarson, (sign)

Sara Dögg Svanhildardóttir, (sign)

Brynja M Dan Gunnarsdóttir, (sign)

Bæjarráð Garðabæjar
21. (2028). fundur 2022

Þriðjudaginn 14. júní 2022 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Björg Fenger, formaður, Gunnar Valur Gíslason, aðalmaður, Margrét Bjarnadóttir, aðalmaður, Ingvar Arnarson, aðalmaður, Sara Dögg Svanhildardóttir, aðalmaður, Brynja Dan Gunnarsdóttir, áheyrnarfulltrúi, Almar Guðmundsson, bæjarstjóri, Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari, Eiríkur Björn Björgvinsson, sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs, Svanhildur Þengilsdóttir, sviðsstjóri fjölskyldusviðs, Guðbjörg Brá Gísladóttir, deildarstjóri umhverfis og framkvæmda og Sunna Stefánsdóttir, samskipta- og kynningarfulltrúi.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2106536 - Fjárhagsáætlun Garðabæjar 2022 - viðauki nr. 1.

Á fund bæjarráðs kom Lúðvík Hjalti Jónsson, fjármálastjóri og gerði grein fyrir viðauka nr. 1 við fjárhagsáætlun Garðabæjar fyrir árið 2022.

Í viðaukanum er búið að færa hlutdeild Garðabæjar í áætlun Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs., Sorpu bs. og Strætó fyrir árið 2022 í upphaflega samþykkt áætlun fyrir árið 2022.

Viðaukinn er gerður vegna breytinga á 20. gr. reglugerðar nr. 121/2015 þar sem kveðið er á um að færa samstarfsverkefni og byggðasamlög inn í samantekin reikningskil sveitarfélaga miðað við hlutfallslega ábyrgð sveitarfélags. Í yfirliti með viðaukanum eru sýnd áhrif hans á rekstur og sjóðstreymi samkvæmt fjárhagsáætlun.

Samkvæmt viðaukanum batnar rekstrarstaða A og B hluta um 13,5 mkr. Hlutur Garðabæjar í fjárfestingum byggðasamlaganna er áætluð um 103,6 mkr og er þegar fjármagnaður hjá félögunum.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja viðauka nr. 1 við fjárhagsáætlun 2022 samkvæmt 2. mgr. 63. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

2. 2202267 - Skógarprýði 10 - Umsókn um byggingarleyfi

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Rakel Arnfjörð Haraldsdóttur, kt. 160370-5569, leyfi til að byggja einbýlishús að Skógarprýði 10.

3. 2205352 - Opnun tilboða í yfirborðsmerkingar gatna í Garðabæ 2022.

Eftir farandi tilboð bárust í yfirborðsmerkingar gatna í Garðabæ.

GSG ehf.	kr. 4.463.500
Vegamál vegmerking ehf.	kr. 6.971.800

Kostnaðaráætlun	kr. 9.940.000
-----------------	---------------

Bæjarráð samþykkir að taka tilboði lægstbjóðanda GSG ehf. Samþykktin er með fyrirvara um að uppfylltir séu allir skilmálar útboðsins og er bæjarverkfræðingi falin afgreiðsla málsins. Vakin er athygli á að samkvæmt 86. gr. laga um opinber innkaup nr. 120/2016 þarf að líða 5 daga biðtími frá ákvörðun um töku tilboðs til gerðar samnings. Heimilt er að skjóta ákvörðun bæjarráðs til

kærunefndar útboðsmála og er kærufrestur samkvæmt 106. gr. laga um opinber innkaup 20 dagar frá því að kæranda var eða mátti vera kunnugt um ofangreinda ákvörðun.

4. **2006465 - Dómur Landsréttar í máli Elbu ehf. gegn Garðabæ, mál nr. 121/2021.**
Lagður fram dómur Landsréttar í máli Elbu ehf. gegn Garðabæ.

Í dómsorði kemur fram að fallist á kröfur Garðabæjar um staðfestingu á hinum áfrýjaða dómi.

5. **2107321 - Tilboð í byggingarrétt lóða við Þorraholt 2 - 4.**
Lögð fram eftirfarandi tilboð í byggingarrétt lóða við Þorraholt 2 og 4.

Tilboð 1.
Þorraholt 2 og 4 kr. 210.000.000.

Tilboð 2
Þorraholt 2 kr. 138.000.000
Þorraholt 4 kr. 144.250.000
Samtals: kr. 282.250.000

Á fundinum var upplýst að tilboð 2 er frá Heklu fasteignum hf., kt. 631202-3060.

Bæjarráð samþykkir að fela bæjarstjóra að ræða við forsvarsmenn Heklu fasteigna hf. um nánari útfærslu tilboðsins og áform félagsins varðandi starfsemi á lóðunum.

6. **1711191 - Bréf mennta- og barnamálaráðuneytis varðandi umbótaáætlun fyrir Flataskóla, dags. 08.06.22.**

Í bréfi ráðuneytisins, dags. 9. júní sl. kemur fram að Garðabær og Flataskóli hafa gert fyllilega grein fyrir umbótum í kjölfar úttektar ráðuneytisins og er málinu lokið.

7. **2205122 - Útgáfa á upplýsingaöryggisstefnu Garðabæjar.**
Lögð fram og kynnt útgáfa á upplýsingaöryggisstefnu Garðabæjar.

8. **2202330 - Reglur um greiðslur til forráðmanna barna eldri en 12 mánaða sem ekki hafa fengið úthlutað leikskólavist.**

Bæjarráð samþykkir að vísa reglum um greiðslur til forráðmanna barna eldri en 12 ára sem ekki hafa fengið úthlutað leikskólavist í Garðabæ til afgreiðslu bæjarstjórnar.

9. **2206127 - Bréf Styrktarsjóðs Garðasóknar varðandi ársreikning fyrir árið 2021, dags. 02.06.22.**

Lagt fram.

Ingvar Arnarson og Sara Dögg Svanhildardóttir, leggja fram eftirfarandi bókun.

"Bæjarfulltrúar Viðreisnar og Garðabæjarlistans óska eftir sundurliðun á úthlutun úr styrktarsjóði Garðasóknar. En Garðabær leggur sjóðnum til fjárhæð á ári hverju. En mikilvægt er að viðhafa gagnsæi við úthlutun fjármuna úr bæjarsjóði. Einnig óska fulltrúar Viðreisnar og Garðabæjarlistans eftir upplýsingum um úthlutunarreglur úr styrktarsjóði Garðasóknar."

10. 2206139 - Erindi Carbfix ohf. varðandi uppsetningu skjálftamæla.

Bæjaráð gerir fyrir sitt leyti ekki athugasemdir við uppsetningu skjálftamæla á Garðaholti og vísar málinu til afgreiðslu umhverfisnefndar. Staðsetning skjálftamæla skal kynnt íbúum og hagsmunaaðilum á Garðaholti.

11. 2102515 - Opnun tilboða í skólamáltíðir í grunn- og leikskólum Garðabæjar 2022-2025.

Lögð fram eftirfarandi tilboð í skólamáltíðir í grunn- og leikskólum Garðabæjar 2022-2025.

Skóli	Magn	Umhverfisvaktin Verð kr.	Matartíminn Verð kr.	Skólamatgur Verð kr.
Flataskóli	310	284.890	264.430	265.050
Garðaskóli	490		377.790	418.950
Sjálálandsskóli	415	381.385	333.660	354.825
Hofsstaðaskóli	300	275.700	270.300	256.500
Álftanesskóli	200		193.000	171.000
Urriðaholtsskóli	150		144.750	138.000
Leikskóli Urriðah. sk.	120		135.360	151.440
Samtals Urriðah. sk			280.110	289.440
Mánahvoll -	60		60.780	74.520
Sunnuhvoll -	27		58.050	52.434
Bæjarból -	79		89.507	98.118

Sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs upplýsti að næringarfræðingur er að yfirfara matseðla og munu niðurstöður liggja fyrir innan 14. daga. Stefnt er að því að taka tilboðin fyrir að nýju í bæjarráði 28. júní nk.

Fleira ekki gert.,
Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar 14. júní 2022 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Björg Fenger, (sign)

Gunnar Valur Gíslason, (sign)

Margrét Bjarnadóttir, (sign)

Ingvar Arnarson, (sign)

Sara Dögg Svanhildardóttir, (sign)

Brynja Dan Gunnarsdóttir, (sign)

Menningar- og safnanefnd Garðabæjar
41. fundur 2022

mánudaginn 23. maí 2022 kl. 16:15 kom saman til fundar í Búrfelli í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Gunnar Valur Gíslason aðalmaður, Hrannar Bragi Eyjólfsson aðalmaður, Bjarndís Lárusdóttir aðalmaður, Þorbjörg Þorvaldsdóttir aðalmaður, Hannes Ingi Geirsson aðalmaður, Ólöf Hulda Breiðfjörð menningarfulltrúi og Eiríkur Björn Björgvinsson forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs.

Fundargerð ritaði: Ólöf Breiðfjörð, menningarfulltrúi.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2205321 - Hvatningarsjóður - styrkveiting 2022

Tillögur um styrkveitingar úr Hvatningarsjóði ungra hönnuða og listamanna sem Ungmennaráð Garðabæjar og menningarfulltrúi lögðu til samþykktar einróma. Alls ellefu verkefni styrkt sem öll eru fjölbreytt og metnaðarfull.

2. 2205323 - 17. júní 2022

Dagskrá þjóðhátíðardagsins kynnt af menningarfulltrúa. Fjölbreytt dagskrá fyrir alla fjölskylduna fer fram á Garðatorgi þar sem hefðbundnar ræður og fjallkona kemur fram auk skemmtiatriða á borð við Ronju Ræningjadóttur og Sirkus Íslands. Að kvöldi hátíðartónleikar með Katrínu Halldóru í sal Tónlistarskóla Garðabæjar.

3. 2205324 - Menningaruppskeruhátíð 25. maí 2022

Farið yfir dagskrá menningaruppskeruhátíðar þar sem styrkveitingar úr Hvatningarsjóði verða tilkynntar, heiðursviðurkenning veitt og bæjarlistamaður Garðabæjar 2022 útnefndur.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

Skólanefnd grunnskóla Garðabæjar
42. fundur 2022

miðvikudaginn 1. júní 2022 kl. 16:30 kom saman til fundar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Sigríður Hulda Jónsdóttir formaður, Jóhann Steinar Ingimundarson aðalmaður, Lilja Hrund Ava Lúðvíksdóttir aðalmaður, Sturla D Þorsteinsson aðalmaður, Sara Dögg Svanhildardóttir aðalmaður, Eiríkur Björn Björgvinsson forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs, Ágúst Frímann Jakobsson fulltrúi skólastjóra, Ásta Kristín Ingólfssdóttir fulltrúi kennara, Hjörtur Jónsson fulltrúi foreldra og Edda Björg Sigurðardóttir grunn- og tónlistarskólafulltrúi.

Fundargerð ritaði: Edda Björg Sigurðardóttir, grunn- og tónlistarskólafulltrúi Garðabæjar.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2205331 - Innritun nemenda í grunnskóla skólaárið 2022 - 2023

Farið yfir innritanir og nemendafjölda í Garðabæ vegna skólársins 2022-2023. Rætt var um eftirlitsskyldu með skólaskyldu barna og vinnulag þar af lútandi.

2. 2205329 - Ráðning skólastjóra

Farið yfir umsækjendur um stöðu skólastjóra við Álftanesskóla og vinnuferli við ráðninguna kynnt nefndarmönnum. Anna María Skúladóttir var ráðin skólastjóri Álftanesskóla. Skólanefnd lýsir yfir ánægju með ráðninguna og óskar Önnu Maríu til hamingju og velfarnaðar í starfi.

3. 2205401 - Erindi til skólanefndar Garðabæjar frá Urriðaholtsskóla

Starfsfólk Urriðaholtsskóla óskar eftir að færa starfsdaginn 20. september 2022 til 3. október 2022, vegna námsskeiðs starfsfólks. Skólanefnd samþykkir erindið enda tryggji skólinn opnun frístundaheimilisins eins og tíðkast á starfsdögum fyrir þá sem þess óska.

4. 2109383 - Könnun á kynjajafnrétti, starfsþróun og símenntun

Lagt fram til kynningar.

5. 2205330 - Störf skólanefndar 2021-2022, samantekt

Samantekt á störfum skólanefndar 2021-2022 lögð fram. Formaður skólanefndar fór yfir störf nefndarinnar á skólaárinu og þakkaði fyrir gott samstarf.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

Skólanefnd tónlistarskóla Garðabæjar
3. fundur 2022

mánudaginn 30. maí 2022 kl. 17:30 kom saman til fundar í Búrfelli í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Eiríkur Þorbjörnsson, Einar Örn Magnússon, Unnur B. Johnsen, Sólveig Guðrún Geirsdóttir, Sveinbjörg Vilhjálmsdóttir, Laufey Ólafsdóttir skólastjóri, Eiríkur Björn Björgvinsson forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs og Edda Björg Sigurðardóttir deildarstjóri skóladeildar.

Fundargerð ritaði: Laufey Ólafsdóttir, skólastjóri.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2203101 - Skóladagatal 2022-2023

Skóladagatal tónlistarskólans lagt fram til kynningar.

2. 2203101 - Gjaldskrárhækkun

Lögð var fram tillaga um hækkun gjaldskrár Tónlistarskóla Garðabæjar vegna skólaársins 2022 - 2023. Lagt er til að hækka gjaldskrá um 7% sem er tæplega hækkun neysluverðsvisitölu sl. ár. Tillagan samhljóða samþykkt.

3. 2204065 - Bókun bæjarstjórnar frá 7. apríl 2022 um eflingu tónlistarnáms.

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkir að efla tónlistarnám í Garðabæ. Fræðslu- og menningarsviði er falið að vinna að minnisblaði um stöðu tónlistarkennslu í bænum.

Garðabæjarlistinn lagði fram eftirfarandi bókun:

Garðabæjarlistinn mótmælir harðlega síðustu fundargerð tónlistarnefndar frá 17. mars s.l. með Gunnari Einarssyni bæjarstjóra.

Í fyrsta lagi var fundargerðin rituð um tveimur vikum eftir að fundurinn fór fram.

Í öðru lagi var innihald fundargerðarinnar ekki sannleikanum samkvæmt. Bæjarstjórinn tók aldrei undir hugmyndir að vinna að áætlun um stækkun skólans, hvað þá að leggja fram áætlun við undirbúning fjárhagsáætlunar 2023 eins og segir í fundargerðinni.

Í þriðja lagi var fundargerðin aldrei borin undir nefndarmenn hvorki fyrir né eftir að hún var samþykkt í bæjarráði.

Sveinbjörg Vilhjálmsdóttir og Sólveig Guðrún Geirsdóttir

Sjálfstæðisflokkurinn lagði fram eftirfarandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í skólanefndinni harma mistök við frágang fundargerðar fundar með bæjarstjóra þann 17. mars sl. Við teljum að á fundinum hafi komið fram fullur stuðningur af hans hálfu um að efla skólann um leið og hann hvatti nefndina til að fylgja málinu eftir með kostnaðaráætlun um stækkun skólans fyrir næstu fjárhagsáætlunargerð fyrir 2023.

Eiríkur K. Þorbjörnsson og Einar Örn Magnússon

(Unnur B. Johnsen var fjarverandi á umræddum fundi)

Nefndin þakkar samstarfið við skólastjóra, fræðslusvið og hvort öðru samstarfið sl. 4 ár.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

Öldungaráð 2. fundur 2022

miðvikudaginn 4. maí 2022 kl. 08:30 kom saman til fundar í Jónshúsi.

Fundinn sátu: Almar Guðmundsson aðalmaður, Stefanía Magnúsdóttir aðalmaður, Sigurður Rúnar Símonarson aðalmaður, Ólafur J Proppé aðalmaður, Margrét Björnsdóttir aðalmaður, Svanhildur Þengilsdóttir sviðsstjóri fjölskyldusviðs og Þóra Gunnarsdóttir forstöðumaður stuðnings- og öldrunarþjónustu.

Fundargerð ritaði: Svanhildur Þengilsdóttir, sviðsstjóri fjölskyldusviðs.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2201437 - Íbúakönnun - þjónustukönnun Gallup 2021

Mál nr. 2201437, lagt fram til kynningar. Öldungaráð lýsir yfir ánægju með niðurstöður íbúakönnunar Gallup, varðandi þá þætti er snúa að þjónustu við eldri borgara í sveitarfélaginu.

2. 2111356 - Lagfæringar/breytingar á Jónshúsi

Mál nr. 2111356, tekið til umræðu. Umsjónarmaður félagsstarfs eldri borgara í Jónshúsi, leggur fram yfirlit yfir tillögur að endurbótum í Jónshúsi. Tillögurnar snúa að auknu rými fyrir starfseminu og gesti. Ráðsmenn lásu yfir tillögurnar og skoðuðu aðstöðuna í Jónshúsi samhliða. Leitað verður til umsjónarmanns fasteigna og tæknimála til að meta umfang og kostnað verkefnisins.

3. 2106019 - Samstarfssamningur við FEBG

Mál nr. 2106019, tekið til umræðu. Aðilar sammála um að vel hafi tekist til að efla og auka þátttöku eldri borgara í hreyfingu og félagsstarfi og að áhugi sé á að halda áfram með verkefnið í samstarfi við Félög eldri borgara.

4. 2103259 - Átaksverkefni til að efla félagsstarf fullorðinna í samvinnu við sveitarfélögin,

Mál nr. 2103259, tekið til umfjöllunar. Öldungaráð telur mikilvægt að nýta styrkinn til þess að efla félagsstarf eldri borgara í sumar með það að markmiði að rjúfa félagslega einangrun og auka frístundaþökun.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

Heilbrigðisnefnd
Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness.
30. maí 2022.
4. fundur

Mánudaginn 30. maí 2022 var haldinn 4. fundur Heilbrigðisnefndar Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarneskaupstaðar (skammstafað HEF). Eftirtaldir aðalmenn voru boðaðir á fundinum, Linda Hrönn Þórisdóttir, Jón Haukur Ingvason, Ingibjörg Hauksdóttir, Gnýr Guðmundsson, Sigrún Edda Jónsdóttir og Arna Björk Hagalínsdóttir. Eftirtaldir starfsmenn eru einnig boðaðir á fundinn, Hörður Þorsteinsson, Þóra Dögg Jörundsdóttir, Ríkharður F. Friðriksson, Árni Davíðsson og Páll Stefánsson.

1. Rekstrarmál

1.1. Lögð fram til kynningar, ársskýrsla Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis 2021.

Lögð fram til kynningar ársskýrsla Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis fyrir árið 2021. Í skýrslunni er stiklað yfir helstu verkefni heilbrigðiseftirlitsins á árinu 2021 og tölfræðilegar upplýsingar um starfsemina.

Bókun:

Framkvæmdastjóra falið að koma skýrslunni í kynningu í bæjarfélögunum og jafnframt verður hún aðgengileg á heimasíðu eftirlitsins heilbrigðiseftirlit.is.

1.2. Lögð fram til kynningar, ársskýrsla Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis 2021.

Lögð fram til kynningar ársskýrsla Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis fyrir árið 2021. Í skýrslunni er stiklað yfir helstu verkefni heilbrigðiseftirlitsins á árinu 2021 og tölfræðilegar upplýsingar um starfsemina.

Bókun:

Framkvæmdastjóra falið að koma skýrslunni í kynningu í bæjarfélögunum og jafnframt verður hún aðgengileg á heimasíðu eftirlitsins heilbrigðiseftirlit.is.

1.3. Endurskoðun fjárhagsáætlunar að loknu sameiningu heilbrigðiseftirlitssvæða.

Framkvæmdastjóri lagði fram endurskoðaða fjárhagsáætlun fyrir árið 2022, þar sem búið er að færa inn áhrif sameiningar á tekjur og gjöld heilbrigðiseftirlitsins. Sameining heilbrigðiseftirlitssvæða var samþykkt í febrúar 2022 og yfirtók þá Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis skyldur Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis er varðar starfsmannahald og eftirlit á því svæði. Hagræðing sameiningar kemur að einhverju leyti fram strax á fyrsta ári, en þó er rétt að vekja athygli á að nokkur kostnaður fylgir því að yfirfæra gögn milli málakerfa og samræma eftirlit á sameinuðu heilbrigðiseftirlitssvæði. Enga síður er niðurstaðan að framlag sveitarfélaganna lækkar um 10% frá fyrri áætlun.

Bókun:

Heilbrigðisnefnd fagnar niðurstöðunni og leggur jafnframt áherslu á að sameining heilbrigðiseftirlitssvæðanna skili sér í bættu faglegu starfi eftirlitsins með aukinni sérhæfingu, eins og nefnt var í greinargerð heilbrigðisnefndar um forsendur sameiningar.

2. Skipulagsmál

2.1. Tillaga að deiliskipulagi, Mosfellsbær, Miðdalsvatn, Krókatjörn

Lagt fram erindi dags 28.04.2022 frá skipulaginu í Mosfellsbæ þar sem óskað er umsagnar Heilbrigðisnefndar, deiliskipulag fyrir frístundalóð (landnr, 125143) við Krókatjörn í landi Miðdals. Lóðin er ein af mörgum lóðum við vatnið og þar stendur nú lítill bústaður. Tillagan gerir ráð fyrir tveimur nýjum byggingareitum.

Bókun: Heilbrigðisnefnd gerir ekki athugasemdir.

2.2. Tillaga að aðalskipulagsbreytingu á miðsvæði 116-M og deiliskipulagsbreytingu á Bjarkarholt 1,2, 3 í Mosfellsbæ.

Lagt fram erindi dags. 12. maí s.l. frá skipulaginu í Mosfellsbæ þar sem óskað er umsagnar Heilbrigðisnefndar á aðalskipulagsbreytingu á Miðsvæði 116-M og deiliskipulagsbreytingu á Bjarkarholti 1, 2 og 3. Breyting verður á lóðum og lóðamörkum, annarsvegar lóð fyrir íbúðabyggingar og svo lóð fyrir miðbæjargarð og veitingarskála. Í stað 44 hefðbundinna íbúða koma 150 minni þjónustuíbúðir fyrir aldraða. Megin þorri bílastæða verða í bílakjallara, en 32 stæði verða á lóð. Gerðar eru breytingar á legu og stærð miðbæjargarðs.

Bókun: Heilbrigðisnefnd gerir ekki athugasemdir en tekur undir greinagerð er varðar hljóðvist og aðgreiningu milli atvinnulífs og íbúða.

2.3. Tillaga að aðal- og deiliskipulagi, fyrir miðsvæði Mosfellsbæjar 401 M og Sunnukriki 3, 5 og 7.

Lagt fram erindi dags. 12. maí s.l. frá skipulaginu í Mosfellsbæ þar sem óskað er umsagnar Heilbrigðisnefndar á aðalskipulagsbreytingu fyrir miðsvæði 401 M og deiliskipulagsbreytingu á Sunnukrika 3,5 og 7. Breytingin felur í sér uppfærslu á töflum á bls. 31 og 40 í aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2011-2030. Uppfærðar eru fjöldatölur eigna á bls. 31, bætt er við línu fyrir 401-M og heildarfjöldi íbúða er skilgreindur sem 33 innan svæðis. Einnig eru lýsing og skipulagsákvæði svæðis á bls. 40 uppfærð. Upplýsingum um íbúðir er bætt við skipulagsákvæði.

Bókun: Heilbrigðisnefnd gerir ekki athugasemdir en tekur undir greinagerð er varðar hljóðvist og aðgreiningu milli atvinnulífs og íbúða.

3. Fundargerðir, skýrslur og annað

3.1. Fundur framkvæmdastjórnar um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu 20.04.2022

Lögð fram fundargerð framkvæmdastjórnar um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu sem fram fór á skrifstofu HEF 20. apríl s.l. Á fundinum var gerð grein fyrir helstu framkvæmdum á vatnsverndarsvæðinu og önnur mál sem tengjast svæðinu s.s. viðbragðsáætlanir vegna gróðurelda í Heiðmörk.

Bókun:

Heilbrigðisnefnd gerir ekki athugasemdir við fundargerðina.

3.2. Úttekt á lífríki Varmár í Mosfellsbæ

Lögð fram úttekt á lífríki Varmár í Mosfellsbæ, útgefin í mars 2022 og unnin af Náttúrustofu Kópavogs. Í skýrslunni er grein frá niðurstöðum rannsóknar á botnlífríki Varmár í Mosfellsbæ. Rannsóknin var unnin af starfsmönnum Náttúrufræðistofu Kópavogs og fór sýnataka og mælingar fram í ágúst 2020 sem spönnuðu árfarveginn frá efstu byggð og niður að ármótum við Köldukvísl.

Á seinni árum hefur verið unnið að margvíslegum aðgerðum til að bæta vatnsgæði Varmár í Mosfellsbæ og færa hana sem næst náttúrulegu ástandi. Helstu niðurstöður skýrslunnar er að svo virðist sem vistkerfið á botni Varmár sé í nokkuð vel stakk búið til að bregðast við staðbundnum óhöppum.

Bókun: Heilbrigðisnefnd fagnar útkomu skýrslunnar og hvetur til að gerðar verði frekari rannsóknir á lífríki í lækjum og vötnum á svæði heilbrigðiseftirlitsins.

3.3. Síðasti fundur núverandi heilbrigðisnefndar

Formaður heilbrigðisnefndar þakkar nefndarmönnum fyrir farsælt samstarf á liðnum árum og starfsfólki heilbrigðiseftirlitsins fyrir þeirra störf. Mikilvægt er að þeir málaflokkar sem unnið er að fái aukið vægi í framtíðinni og áfram verði hagsmunir heilnæms umhverfis og að heilnæmi almennings verði tryggð með öflugri vöktun, forvörnum og fræðslu.

Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlits dags. 4. maí 2022.

Starfsleyfi afgreidd í samræmi við 6. gr. samþykkt nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes, en þar er framkvæmdastjóra falinn útgáfa starfsleyfi með vísan til 48. gr. laga nr.7/1998.

1. Vífilsstaðavegur GKG, Garðabær– veitingastaður

Lögð fram umsókn Tómasar Freys Marteinssonar f.h. Kristmas ehf., kt. 651002-2060, dags. 24.03.2022 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir veitingastað hjá Golfklúbbi Kópavogs og Garðabæjar, Garðabæ. Ný starfsemi. Fasteignanr.2072642. Eftirlitsskýrsla dags. 04.05.2022.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er samþykkt starfsleyfis til 12 ára.

2. Grænakinn 13, Hafnarfjörður – niðurrif


Lögð fram umsókn f.h. Hafnarfjarðarkaupstaðar, kt. 590169-7579, dags. 04.04.2022, þar sem sótt er um starfsleyfi til niðurrifs á skúr á lóðinn á Grænakinn 13 Hafnarfirði. Fasteignanr. F2330119.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er niðurrif heimilt.

3. Móhella 4b, Hafnarfjörður, – dreifing matvæla

Lögð fram umsókn Meta Medved. f.h. Náttúreta ehf., kt. 510221-1840, dags. 27.04.2022, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir dreifingu matvæla að Móhelli 4b, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2274734 F2274735. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 03.05.2022.

Með vísun til ákvæða matvælaeiglugerða er starfsleyfis samþykkt til 1 árs.



4. *Dalvegur 24, Kópavogur – bifreiðaverkstæði*

Lögð fram umsókn Ovidijus Verbaitis. f.h. Bílamenn ehf., kt. 670421-1470, dags. 03.03.2022, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir bifreiðaverkstæði að Dalvegi 24, Kópavogi. Fasteignanr. F2060571. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 04.05.2022.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 10.03.2022. Jákvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 06.04.2022. *Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára.*

5. *Dalvegur 30, Kópavogur– niðurrif*

Lögð fram umsókn Jóns Inga Guðmundssonar, f.h. Merkúr ehf., kt. 570407-1120, dags. 06.04.2022, þar sem sótt er um leyfi til niðurrifs á húsnæði að Dalvegi 30, Kópavogi. fasteignanr. F2245383.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er niðurrif heimilt.

Umsagnir sem borist hafa heilbrigðiseftirlitinu og heilbrigðisfulltrúum er falið að afgreiða í samræmi við 6. gr. samþykktra nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes.

1. *v/Vífilstaðarveg, Garðabær – veitingastaður, rekstrarleyfi*

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 13.01.2022, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Kristmas ehf., kt. 651002-2060 þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir veitingahús í fl. II við Vífilstaðaveg, Garðabæ. fnr.2072642.

Jákvæð umsögn staðfest.

2. *Kaplakriki, Hafnarfjörður, – tækifærisleyfi*

Lögð fram umsókn f.h. Sena ehf., kt.510205-1380, dags. 02.05.2022 þar sem sótt er um tækifærisleyfi fyrir samkomu, sem haldin verður í Íþróttahúsi Kaplakrika, Hafnarfirði dags. 7.05.2022 frá kt. 19.00 – 01.00. Gestafjöldi 600 manns.

Jákvæð umsögn staðfest um tímabundið leyfi.

3. *Bæjarlind 6, Spot, Kópavogur– tækifærisleyfi*


Lögð fram umsókn f.h. Nemendafélags Fjölbraut í Garðabæ., kt.660287-2649, dags. 27.04.2022 þar sem sótt er um tækifærisleyfi fyrir samkomu, sem haldin verður í Spot, Bæjarlind 6, Kópavogi dags. 27.04.2022 frá kt. 22.00 – 01.00.

Jákvæð umsögn staðfest um tímabundið leyfi.

4. *Íþróttahúsið Kórin, – tækifærisleyfi*

Lögð fram umsókn f.h. Sena ehf., kt.510205-1380, dags. 02.05.2022 þar sem sótt er um tækifærisleyfi fyrir samkomu, sem haldin verður í Kórnum íþróttahúsi, Kópavogi, dags. 7.05.2022 frá kt. 19.00 – 01.00. Gestafjöldi 1100 manns.

Jákvæð umsögn staðfest um tímabundið leyfi.



Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlits dags. 11. maí 2022.

Starfsleyfi afgreidd í samræmi við 6. gr. samþykkt nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes, en þar er framkvæmdastjóra falinn útgáfa starfsleyfi með vísan til 48. gr. laga nr.7/1998.

1. Dalshraun 15, Hafnarfjörður – gistiheimili

Lögð fram umsókn Ingibjargar Guðveigar Ólafsdóttur, f.h. Ríkiseignir., kt. 690981-0259, dags. 28.04.2022, þar sem sótt er um starfsleyfi til reksturs gistiheimilis að Dalshrauni 15, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2074347. Breyting á starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 10.05.2022.

Bréf sent byggingafulltrúa dags.11.05.2022. Jákvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 12.05.2022.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

2. Einihlíð 1, Hafnarfjörður – hársnyrtistofa

Lögð fram umsókn Elínborgar Benediktsdóttur kt. 040269-4609, f.h. Hár-Ellý, dags. 25.04.2022, þar sem sótt er um starfsleyfi til reksturs hársnyrtistofu að Einihlíð 1, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2243170. Endurnýjun. Eftirlitsskýrsla dags. 10.05.2022.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára.

3. Hólshraun 2, Hafnarfjörður – matsala

Lögð fram umsókn Þorsteins Ásgeirssonar, f.h. Kjöt og grænt ehf / Milli hrauna kt. 411121-1000, dags. 20.02.2022, þar sem sótt er um starfsleyfi til reksturs veitingastaðar og dreifing á tilbúnum mat, að Hólshrauni 2, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2075807. Eigendaskipti. Eftirlitsskýrsla dags. 07.04.2022.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfis samþykkt til 12 ára.

4. Melabraut 13-15, Hafnarfjörður – dreifing matvæla

Lögð fram umsókn Róberts Grétars Péturssonar, f.h. Brák vín ehf., kt. 610521-1180, dags. 17.11.2021 þar sem sótt er um starfsleyfi til dreifingu matvæla frá vöruhótel. Lögheimili Melabraut 15, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2077812. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 10.05.2022.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt.


5. Óseyrarbraut 16, Hafnarfjörður – niðurrif

Lögð fram umsókn Sigþórs Sigurðssonar f.h. Colas Ísland., kt. 420187-1499, dags. 02.05.2022 þar sem sótt er um starfsleyfi til niðurrifs á bikgeymi BT01 á lóð við Óseyrarbraut 16, Hafnarfirði. Minnisblað 05.05.2022.

Samþykkt niðurrif til 01.06.2022.

6. Steinhella 4, Hafnarfjörður – bifreiðaverkstæði

Lögð fram umsókn Tomasz Turkawski, f.h. T.G. ehf., kt. 451018-1400, dags. 26.01.2022, þar sem sótt er um starfsleyfi til reksturs bifreiðaverkstæðis og járnsmíði að Steinhellu 4, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2302373 og F2302372. Ný starfsemi.



Bréf til byggingafulltrúa dags. 08.02.2022. Neikvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 17.02.2022 þar sem lokaúttekt hefur ekki farið fram. Eftirlitsskýrsla dags. 24.03.2022.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi veitt til 1 árs meðan unnið er að lokaúttekt í samræmi við kröfur byggingafulltrúa.

7. Víðistaðatún, Hafnarfjörður – Víkingahátíð

Lögð fram umsókn Jökuls Tandra Ámundasonar, f.h. Rimmugýgur, kt. 700497-2409, dags. 30.03.2022 þar sem sótt er um tímabundið leyfi fyrir Víkingahátíð á Víðistaðatún Hafnarfirði, frá 13.06.2022 – 19. 06.2022.

Heilbrigðisnefnd veitir jákvæða umsögn um tímabundið leyfi.

8. Dalvegur 30, Kópavogur– niðurrif

Lögð fram umsókn Jóns Inga Guðmundssonar, f.h. Merkúr ehf., kt. 570407-1120, dags. 06.04.2022, þar sem sótt er um leyfi til niðurrifs á húsnæði að Dalvegi 30, Kópavogi. Fasteignanr. F2245383.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er niðurrif heimilt.

9. Dalvegur 32b, Kópavogur – matvælaframleiðsla

Lögð fram umsókn Þórarins Ævarsonar. f.h. Spaðinn ehf., kt. 491019-0930, dags. 11.02.2022, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir matvælaframleiðslu að Dalvegi 32b, Kópavogi. Fasteignanr. F2506130. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 31.03.2022.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

10. Nýbýlavegur 8, Kópavogur – framleiðsla matvæla

Lögð fram umsókn Viktoríu Óskar Daðadóttur, f.h. Djam.is., kt. 470122-0480 dags. 29.01.2022, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir matvælaframleiðslu að Nýbýlavegi 8, Kópavogi. Starfsemin fer fram í húsnæði Eldstæðisins. Fasteignanr. 2064397. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 12.05.2022.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 28.06.2032.

11. Vesturvör 12, Kópavogur – matvælaframleiðsla

Lögð fram umsókn Kristinn ehf. kt.591205-1100 f.h. Myllan-Ora ehf., kt. 660169-1729, dags. 25.04.2022, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir matvælaframleiðslu að Vesturvör 12, Kópavogi.

Fasteignanr. F2065893 Endurnýjun.

Eftirlitsskýrsla dags. 09.05.2022.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára.

Umsagnir sem borist hafa heilbrigðiseftirlitinu og heilbrigðisfulltrúum er falið að afgreiða í samræmi við 6. gr. samþykktra nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes.

1. *Strandgata 75, Hafnarfjörður – veitingastaður, rekstrarleyfi*

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 09.05.2022, þar sem óskað er umsagnar á umsókn f.h. Pallett ehf., kt. 460521-1490 þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir veitingastað í fl. II við Strandgötu 75, Hafnarfirði. fnr.F235 5816.

Jákvæð umsögn staðfest með vísan til starfsleyfis dags. 31.05.2021.

Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlits dags. 17. maí 2022.

Starfsleyfi afgreidd í samræmi við 6. gr. samþykkt nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes, en þar er framkvæmdastjóra falinn útgáfa starfsleyfi með vísan til 48. gr. laga nr.7/1998.

1. *Bakkaflöt 22, Hafnarfjörður – niðurrif*

Lögð fram umsókn Hermanns Arasonar f.h. Nýmót ehf., kt. 491000-2280, dags. 11.05.2022 þar sem sótt er um starfsleyfi til niðurrifs á bílskúr við Bakkaflöt 5, Hafnarfirði. F2069287.

Minnisblað 13.05.2022.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er niðurrif heimilt til 15.06.2022.

2. *Breiðhella 8, Hafnarfjörður – endurvinnslustöð*

Lögð fram umsókn Jóns Viggós Gunnarssonar, f.h. SORPA bs., kt. 510588-1189, dags. 11.04.2022, þar sem sótt er um starfsleyfi til reksturs endurvinnslustöðvar, móttaka á flokkuðum og óflokkuðum úrgangi frá heimilum og minni atvinnurekstri að Breiðhelli 8, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2319312. Endurnýjun. Eftirlitsskýrsla dags. 17.05.2022.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er samþykkt starfsleyfis til 12 ára.

3. *Klukkuberg 9, Hafnarfjörður – íbúðagisting*

Lögð fram umsókn Andreu Ölgu Færseth, f.h. Madonna ehf., kt. 471015-0240, dags. 06.04.2022, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir íbúðagistingu að Klukkubergi 9, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2077055, neðri hæð.

Ný starfsemi.

Bréf sent á byggingafulltrúa dags.13.04.2022. Neikvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 13.04.2022. *Byggingafulltrúi hefur veitt neikvæða umsögn um útgáfu starfsleyfis fyrir starfsemina þar sem ekki er heimilt að vera með gististarfsemi á þessu svæði og því er forsenda fyrir útgáfu starfsleyfis heilbrigðiseftirlitsins ekki til staðar.*


4. *Vallakór 14, Kópavogur – íþróttahús*

Lögð fram umsókn Hönnu Cörlu Jóhannsdóttur, f.h. Handknattleiksfélags Kópavogs., kt. 630981-0269, dags. 16.05.2022, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir íþróttahús að Vallakór 14, Kópavogi.

Fasteignanr. F2296585. Endurnýjun.

Eftirlitsskýrsla dags. 17.05.2022.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er samþykkt starfsleyfis til 12 ára.



Umsagnir sem borist hafa heilbrigðiseftirlitinu og heilbrigðisfulltrúum er falið að afgreiða í samræmi við 6. gr. samþykktra nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes.

1. Klukkuberg 9, Hafnarfjörður – íbúðagisting, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 04.04.2022, þar sem óskað er umsagnar á umsókn f.h. Madonna ehf., kt. 471015-0240 þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir gististað í fl. II við Klukkuberg 9, Hafnarfirði. fnr.F2077055.

Neikvætt svar byggingarfulltrúa liggur fyrir og því ekki hægt að staðfesta starfsleyfi fyrir gististað í flokki II. Því er neikvæð umsögn staðfest.

Tóbaksleyfi

1. Reykjavíkurvegur 60, Hafnarfjörður – veitingahús

Lögð fram umsókn fyrir JM Veitingar ehf., kt. 540709-0330, dags. 11.05.2022 þar sem sótt er um endurnýjun á tóbaksleyfi fyrir Ölhúsið að Reykjavíkurvegi 60, Hafnarfirði.

Eftirlitsskýrsla dags. 25.08.2021.

Leyfisveiting staðfest.

Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlits dags. 25. maí 2022.

Starfsleyfi afgreidd í samræmi við 6. gr. samþykta nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes, en þar er framkvæmdastjóra falinn útgáfa starfsleyfi með vísan til 48. gr. laga nr.7/1998.

1. Bæjarhraun 4, Hafnarfjörður – veitingastaður

Lögð fram umsókn Charin Thaiprasent, f.h. Noodle Station Iceland., kt. 440122-1910, dags. 23.03.2022, þar sem sótt er um starfsleyfi til reksturs veitingastaðar að Bæjarhrauni 4, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2074252. Eigendaskipti. Eftirlitsskýrsla dags. 23.05.2022.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er samþykkt starfsleyfis til 12 ára.

2. Reykjavíkurvegur 68, Hafnarfjörður – veitingastaður - verslun

Lögð fram umsókn Helena Bich Anh Phang, f.h. Velox ehf., kt. 530809-0560, dags. 09.03.2022, þar sem sótt er um starfsleyfi til reksturs veitingastaðar og verslun að Reykjavíkurvegi 68, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2078673. Breyting á starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 23.05.2022.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er samþykkt starfsleyfis til 4 ára.

3. Aðalþing 2, Kópavogur – leikskóli

Lögð fram umsókn Harðar Svavarssonar f.h. Kennarafélagið ehf., kt. 500222-0930, dags. 04.04.2022, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir Leikskólann Aðalþing að Aðalþingi 2, Kópavogi. Fasteignanr. F2311237. Eigendaskipti. Eftirlitsskýrsla dags. 17.05.2022.

Með vísun til ákvæða hollustuhátta- og matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

4. Hagasmári 1, Kópavogur – kaffihús

Lögð fram umsókn Elís Árnasonar, f.h. Adesso ehf., kt. 500102-3060, dags. 21.12.2021, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir kaffihús að Hagasmára 1, Kópavogi. Fasteignanr. F2227650. Endurnýjun. Eftirlitsskýrsla dags.18.05.2022.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfið samþykkt til 12 ára.

5. Ráðagerði, Seltjarnarnes – veitingastaður

Lögð fram umsókn Gísla Björnssonar f.h. Ráðagerði Veitingahús ehf., kt. 490221-1150, dags. 19.04.2022, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir veitingahús að Ráðagerði, Seltjarnarnesi. Fasteignanr. F2068884. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 23.05.2022.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 20.04.2022. Jákvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 10.05.2022.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er samþykkt starfsleyfis til 12 ára.

Umsagnir sem borist hafa heilbrigðiseftirlitinu og heilbrigðisfulltrúum er falið að afgreiða í samræmi við 6. gr. samþykktra nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes.

6. Garðatorg, Garðabær – tækifærisleyfi

Lögð fram umsókn Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu f.h. Listahátíð í Reykjavík., kt.490970-0299, dags. 20.05.2022 þar sem sótt er um tækifærisleyfi fyrir notkun handblysa í götuleikhúsi, ganga frá Hagkaup inn á Garðatorg, dags. 03.06.2022 til 04.06.2022

Jákvæð umsögn staðfest um tímabundið leyfi.

7. Dalsmári 5, Kópavogur – tækifærisleyfi


Lögð fram umsókn f.h. Interfairs ehf., kt.640713-0620, dags. 06.05.2022 þar sem sótt er um tækifærisleyfi fyrir vörusýningu, sem haldin verður í Smáranum og Fífunni Dalsmára 5, Kópavogi dags. 08.06.2022 til 10.06.2022 frá kt. 10.00 – 17.00.

Jákvæð umsögn staðfest um tímabundið leyfi.

8. Núpalind 1, Kópavogur – veitingastaður, rekstrarleyfi


Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 10.05.2022, þar sem óskað er umsagnar á umsókn f.h. Snowland ehf., kt. 541221-1150 þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir veitingastað í fl. II við Núpalind 1, Kópavogi. fnr.223 2270.


Jákvæð umsögn staðfest með vísun til starfsleyfis dags. 30.03.2022. Sérstök athygli er vakin á að ekki er heimilt fyrir sætum fyrir fleiri en 30 gesti.



Linda Hrönn Þórisdóttir


Jón Haukur Ingvason


Arna Hagalínsdóttir


Gnýr Guðmundsson


Ingibjörg Hauksdóttir


Sigrún Edda Jónsdóttir

FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

356. fundur

Föstudaginn 20. maí 2022 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs og hófst hann kl. 08:00. Fundurinn var haldinn að Hesthálsi 14.

Mætt voru:

Hjálmar Sveinsson (HS), Gunnar Valur Gíslason (GVG), Margrét Friðriksdóttir (MF), Ásgeir Sveinsson(ÁS) í fjarfundi, Helga Ingólfssdóttir (HI) og Sigrún Edda Jónsdóttir (SEJ).

Fundinn sátu einnig Jóhannes S. Rúnarsson (JSR), framkvæmdastjóri, sem ritaði fundargerð og Sigríður Harðardóttir (SH), sviðsstjóri mannauðs- og gæðamála.

Dagskrá stjórnarfundar:

1. Dómsmál Strætó gegn Teiti Jónassyni ehf
2. Fjárhagsáætlun 2022 endurskoðuð
3. Reglur um fargjaldaálag
4. Árshlutauppgjör fyrir janúar til mars 2022
5. Vagnakaupaútböð

Tekið fyrir:

1. Dómsmál Strætó gegn Teiti Jónasson ehf.

Fyrir fundinum lá minnisblað dags. 04.05.2022 til stjórnar frá Antoni Birni Markússyni hrl., lögmanni Strætó bs. í dómsmáli Héraðsdóms Reykjavíkur nr. 888/2019. Lögmaðurinn var mættur til fundar við stjórn og reifaði niðurstöðu héraðsdóms í málinu sem á rætur sínar að rekja til lokaðs akstursútboðs sem Strætó bs. stóð fyrir í deseber 2009. Samkvæmt niðurstöðu héraðsdóms er Strætó dæmt til að greiða Teiti Jónassyni skaðabætur upp á um 205 m.kr. auk vaxta og dráttarvaxta og málskostnaðar, 5,1 m.kr.

Í lok umræðu samþykkti stjórn að fela lögmanninum að áfrýja fyrirbyggjandi niðurstöðu Héraðsdóms Reykjavíkur til Landsréttar.

2. Fjárhagsáætlun 2022 endurskoðuð

Áframhaldandi umfjöllun frá síðasta fundi.

Framkvæmdastjóri fór yfir uppfærða fjárhagsáætlun ársins 2022, en rekstrartap ársins stefnir í að vera um 994 m.kr. Rekstrartekjur eru áætlaðar um 120 m.kr. lægri en áætlun gerði ráð fyrir og rekstrargjöld um 628 m.kr. hærra en áætlun gerði ráð fyrir. Miklar hækkanir á aðföngum skýra kostnaðarhækkunar, sem eru langt umfram forsendur samþykkrar fjárhagsáætlunar fyrir árið 2022. Helstu kostnaðarliðir sem hækka mikið eru olía, aðkeyptur akstur og launakostnaður. Niðurstaðan bendir til þess að rekstrarafkoma Strætó versni um 750 m.kr. frá samþykktari áætlun ársins auk þess sem fyrir liggur að lausafjárstaða félagsins um þessar mundir er ekki viðunandi.

Stjórn fól framkvæmdastjóra að óska eftir eigendafundi til að ræða stöðuna og næstu skref.

3. Reglur um fargjaldaálag

Skv. lögum nr. 28/2017, um farþegaflutninga og farmflutninga á landi er Strætó bs. heimilt að leggja fargjaldaálag á farþega, sem nýta sér þjónustu á vegum Strætó bs., en greiða ekki rétt fargjald.

Framkvæmdastjóri kynnti drög að reglum um fargjaldaálag. Reglurnar þarf að senda til Innviðaráðuneytis til staðfestingar og auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda áður en þær öðlast gildi. Tillaga að gjaldskrá fylgir með reglunum. Ekki er gert ráð fyrir að fargjaldaálag verði lagt á börn undir

15 ára aldri en ef um endurtekin mál eru að ræða geta forráðamenn orðið ábyrgir fyrir fjárhagslegu tjóni Strætó vegna þessa.

Stjórn samþykkir reglur um fargjaldaálag og felur framkvæmdastjóra að senda reglurnar til Innviðaráðuneytis til staðestingar og auglýsingar í kjölfarið.

4. Árshlutauppgjör fyrir janúar til mars 2022

Framkvæmdastjóri lagði fram og kynnti þriggja mánaða uppgjör félagsins pr. 31. mars 2022. Árshlutauppgjórið er hvorki kannað né endurskoðað af endurskoðendum félagsins.

Tekjur eru 110 m.kr. undir áætlun og gjöld um 191 m.kr. yfir áætlun. Kostnaðarverðshækkarnir hafa verið umfram forsendur fjárhagsáætlun 2022, sem skýrir frávikin í gjöldum. Viðskiptavinir eru færri en gert var ráð fyrir í áætlun, einnig hafa hnökrar verið í innheimtu í gegnum nýja rafræna greiðslukerfið.

Stjórn samþykkir árshlutauppgjör 31.03.2022. Stjórn og framkvæmdastjóri staðfesta uppgjórið með rafrænni undirritun.

5. Vagnakaupaútbóð

Áframhaldandi umræða frá síðasta fundi. Við yfirferð fyrirbyggjandi tilboða voru nokkur atriði bjóðenda sem þarf að fá nánari skýringar á.

Beðið er svara áður en stjórn getur tekið ákvörðun í málinu.

Fylgiskjöl: Fjárhagsáætlun 2022 endurskoðuð
Árshlutauppgjör janúar til mars 2022
Árshlutareikningur jan – mars 22 kynning

Hjálmar Sveinsson

Gunnar Valur Gíslason

Margrét Friðriksdóttir

Sigrún Edda Jónsdóttir

Ásgeir Sveinsson

Helga Ingólfssdóttir



FUNDARGERÐ 467. FUNDAR STJÓRNAR SORPU

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, föstudaginn 29. apríl 2022. Fundurinn er settur klukkan 14:05. Fundurinn er staðfundur á Gylfaglöt 5 og fjarfundur.

Fundarstjóri: Líf Magneudóttir formaður, fundarritari: Gunnar Dofri Ólafsson.

Mætt: Birkir Jón Jónsson, Bjarni Torfi Álfþórsson, Jóna Sæmundsdóttir, Kolbrún Þorsteinsdóttir, Kristinn Andersen og Líf Magneudóttir.

Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdastjóri, Sigríður Katrín Kristbjörnsdóttir fjármálastjóri og Gunnar Dofri Ólafsson, samskipta- og þróunarstjóri sækja staðfund.

Tekið fyrir

1. Viljayfirlýsing um forkönnun á jarðefnaendurvinnslu lögð fram til samþykktar

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir viljayfirlýsingu milli Hornsteins ehf. og SORPU um að kanna fýsileika þess að koma á fót jarðefnaendurvinnslu.

Framkvæmdastjóri leggur til við stjórn að aflétta fyrirvara við viljayfirlýsinguna.

Stjórn SORPU bs. bókar eftirfarandi:

„Stjórn SORPU samþykkir að aflétta fyrirvara við viljayfirlýsinguna.“

2. Staðan á verkefni PVD/UBQ og næstu skref

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir minnisblaði stöðu á verkefni PVD/UBQ og SORPU.

Stjórn SORPU bs. bókar eftirfarandi:

„Stjórn SORPU telur ekki forsendur til undirritunar þeirrar viljayfirlýsingar sem PVD/UBQ hafa lagt fram.“

3. Endurskoðunarskýrsla innri endurskoðunar SORPU bs.

Sigrún Guðmundsdóttir frá endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar og Jón Sigurðsson, innri endurskoðandi SORPU, taka sæti á fundinum klukkan 14:16.

Jón og Sigrún gera grein fyrir endurskoðunarskýrslu innri endurskoðunar SORPU bs.

Sigrún og Jón víkja af fundi 15:09.



4. Spilliefnavagninn

Guðmundur B. Friðriksson, skrifstofustjóri skrifstofu umhverfissgæða hjá Reykjavíkurborg, tekur sæti á fundinum klukkan 15:17 og gerir grein fyrir verkefni Reykjavíkurborgar um Spillivagninn.

Guðmundur vísar af fundi klukkan 15:38.

Kristinn Andersen vísar af fundi klukkan 15:40.

5. Umhverfisskýrsla SORPU bs.

Framkvæmdastjóri leggur fram umhverfisskýrslu SORPU.

6. Kostnaður við kynningu á sérsöfnun og samræmingu á sorphirðu

Framkvæmdastjóri leggur fram áætlun um áætlaðan kostnað við kynningu á samræmingu á sorphirðu.

Stjórn SORPU bs. bókar eftirfarandi.

„Stjórn SORPU felur framkvæmdastjóra að senda erindi til borgarráðs og bæjarráða um kostnað við kynningu á samræmingu á sorphirðu.“

7. Staðan á útflutningi brennanlegs úrgangs

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir stöðu á framvindu verkefnis um brennanlegan úrgang.

8. Næsti fundur

Næstu fundur er boðaður 19. maí klukkan 16:15.

Fleira var ekki gert og fundi slitið 15:55.

Tillögur Viðreisnar lagðar fram í bæjarstjórn 16. júní 2022

Tillaga Viðreisnar og Framsóknarflokks um stefnumótunarvinnu á starfi félagsmiðstöðva Garðabæjar með það að markmiði að styrkja starf og bæta starfsumhverfi.

Bæjarfulltrúar Viðreisnar og Framsóknarflokks leggja til við bæjarstjórn að farið verði í stefnumótunarvinnu á öllu starfi félagsmiðstöðva Garðabæjar. Einnig leggja bæjarfulltrúar til að fjármagn verði tryggt til uppbyggingar á félagsstarfi á miðstigi grunnskólanna sem og við unglíngastig Urriðaholtsskóla við gerð fjárhagsáætlunargerðar fyrir árið 2023.

Greinargerð

Garðalundur er ein af stærstu félagsmiðstöðvum landsins og hefur í gegnum árin verið leiðandi í félagsstarfi ungmenna og starfsumhverfi þeirra. Starfsemi félagsmiðstöðva og hlutverk þeirra hefur tekið miklum breytingum frá því að uppganga þeirra hófst. Síðustu ár hefur orðið ákveðin stöðnun í þróun starfsins og er kominn tími til að stíga næstu skref í framþróun á þessu sviði. Í flestum sveitarfélögum er umræðan eins, skortur er á fagfólki til þess að tryggja gæði, nýbreytni og árangur starfsins.

Í bæjarfélögunum í kringum okkur hefur víða verið farið í mikla stefnumótun á starfi félagsmiðstöðva, tómstundamiðstöðva, frístundaheimila og annarrar þjónustu við börn.

Reykjavíkurborg hefur til að mynda gert ítarlega stefnuskrá fyrir tómstundamiðstöðvar og verklag og vert að líta til þeirra sem eru hvað mest leiðandi í þessu starfi. Þar er hlutverk félagsmiðstöðvanna mjög vel skilgreint og til eftirbreytni. Það er mat okkar í Viðreisn að nú sé þarft að fara í samskonar vinnu í Garðabæ.

Til að varpa ljósi á stöðuna í Garðabæ er vert að draga fram dæmi um nágrannasveitarfélag Garðabæjar, Hafnarfjörð til þess að setja hlutina í samhengi.

Að meðaltali eru um 160 börn í 8 – 10 bekk í hverjum skóla í Hafnarfirði. Fjölmennasti skólinn er með 223 ungmenni í unglíngadeild en sá minnsti er með 75. Ef tekið er inn í dæmið að í Hafnarfirði eru félagsmiðstöðvarnar að þjónusta frístund þá eru tveir skólar sem eru nálægt Garðaskóla í fjölda en annar (Hraunvallaskóli) er með 596 nemendur og hinn (Öldutúnsskóli) er með 608 nemendur í 1. til 10. bekk. Þessar starfsstöðvar hafa með sér auka stjórnendur og skólinn sem hefur náð 600 markinu hefur tvo auka stjórnendur.

Garðalundur er ein af stærstu félagsmiðstöðvum landsins í samhengi við hversu mörg börn hún á að þjónusta. Garðalundur er að þjónusta rétt undir 600 börn í unglíngadeild og stefnir í yfir 600 næsta skólaár í samanburði við Hafnarfjörð er sá fjöldi á við unglíngadeildir í 3-5 skólum í Hafnarfirði (3 fjölmennustu eða 5 minnstu).

Sara Dögg Svanhildardóttir - bæjarfulltrúi Viðreisnar

Brynja Dan Gunnarsdóttir - bæjarfulltrúi Framsóknarflokks

Tillaga Viðreisnar um starfshóp um þróun á grunnskólauppbyggingu Garðabæjar með hliðsjón af VSÓ skýrslu sem gerð var fyrir Garðabæ um íbúáþróun sveitarfélagsins til ársins 2040

Viðreisn leggur til við bæjarstjórn að skipaður verði þverpólítískur stýrihópur sem leiddur verði af fræðslu- og menningarsviði sveitarfélagsins. Stýrihópurinn fái það hlutverk að rýna og leggja fram tillögur að grunnskólauppbyggingu Garðabæjar með hliðsjón af skýrslu VSÓ sem unnin var fyrir Garðabæ og kom út á vormánuðum 2022 um íbúáþróun til ársins 2040 og áhrifa hennar á skólasóknarsvæði sveitarfélagsins.

Greinargerð

Í nýrri skýrslu VSÓ um íbúáþróun og skólasóknarsvæði Garðabæjar til ársins 2040 er dregin fram skýr mynd af verkefnum framundan. Það þarf að taka ákvörðun um skólauppbyggingu til framtíðar til þess að mæta fyrirsjáanlegri fjölgun íbúa. Það er ekki augljóst hvaða leið í því er best að fara. Því viljum við í Viðreisn staldra við, rýna þær sviðsmyndir sem liggja fyrir og meta þá reynslu sem fengin er með núverandi skipulagi.

Við höfum valfrelsi hér í Garðabæ, sem byggir á því að foreldrar geta valið grunnskóla, óháð því hverfi sem búíð er í. Valfrelsi sem byggir á umhverfi gamla Garðabæjar þegar aðeins einn unglingaskóli var starfandi og tveir grunnskólar með nemendum frá 1. - 7. bekk.

Við í Viðreisn styðjum alvöru valfrelsi sem styður við jafnvægi í samsetningu nemenda í skólunum okkar og þann vöxt sem er fyrirsjáanlegur í bænum.

Í dag blasir við ójafnvægi, sérstaklega á milli unglingadeilda í bænum, sem eru í dag í þremur skólum. Við höfum einn unglingaskóla, Garðaskóla sem var lengi safnskóli fyrir alla unglinga í Garðabæ þegar einungis þrjú grunnskólar voru starfandi í sveitarfélaginu. Nú er öldin önnur og sjö grunnskólar eru starfandi. Þar af eru tveir ætlaðir nemendum frá 1.-10. bekk og einn sjálfstætt starfandi, þar sem nemendur eru frá 5 ára og upp í 7. bekk. Þess utan er hér starfandi alþjóðaskóli fyrir grunnskólanemendur í 1. - 10. bekk.

Í greiningu um samsetningu nemenda eftir stuðningsþörf kemur fram að samsetning nemenda á milli skóla er ólík. Við sjáum líka að það er bara einn skóli sem býr við það mikla eftirspurn að húsnæðið er fyrir löngu sprungið, á meðan aðrir skólar ná ekki að fylla það rými sem þeir hafa, því aðsóknin er ekki nóg. Þetta er veruleiki sem við verðum að bregðast við. Við í Viðreisn viljum tryggja farsælt skólaumhverfi í öllum skólunum okkar fyrir öll börn og ungmenni og skapa umhverfi sem styður við jafnvægi þegar kemur að samsetningu nemenda í hverjum skóla fyrir sig.

Ástæður þessa ójafnvægis sem fyrst og fremst skapast á milli unglingadeilda eru margar. Þær þarf að rýna og finna jákvæðar og uppbyggilegar lausnir á þeim vanda sem ójafnvægið endurspeglar. Til lengri tíma gengur núverandi kerfi einfaldlega ekki upp. Hvorki fyrir skólasamfélagið okkar í heild sinni né rekstrarlega.

Sara Dögg Svanhildardóttir - bæjarfulltrúi Viðreisnar

Tillaga Viðreisnar um bætt rekstrarumhverfi sjálfstætt starfandi grunnskóla í Garðabæ.

Viðreisn leggur til við bæjarstjórn að rekstrarumhverfi sjálfstætt starfandi skóla verði breytt. Farið verði frá þeirri stefnu að greiða 100% framlag með hverju barni miðað við **meðaltal reksturs grunnskóla sveitarfélagsins** og skilyrði sett um að sjálfstætt starfandi skólum sé ekki heimilt að innheimta skólagjöld og til þess að greitt verði 100% framlag með hverju barni miðað við **meðaltal reksturs grunnskóla á landinu öllu** en áfram ekki heimilað að innheimta skólagjöld.

Greinargerð

Í Garðabæ áttu sjálfstætt starfandi skólar best með að starfa. Hér fóru Sjálfstæðismenn með góðu og mikilvægu fordæmi árið 2003 og stóðu með rekstrarumhverfi þeirra. Þeir hafa sagt hátt og skýrt að með hverju grunnskólabarni eigi að fylgja 100% framlag, óháð þeim skóla sem valinn er. Á móti hefur innheimta skólagjalda verið óheimiluð. Með þessu hefur rekstrarumhverfi sjálfstætt starfandi skólanna löngum verið sambærilegt öðrum skólum.

Við í Viðreisn stöndum með fjölbreyttu rekstrarumhverfi og teljum mjög mikilvægt að skapa umgjörð fyrir sjálfstætt starfandi skóla sem styrkir rekstrarforsendur og tryggir alvöru valfrelsi um skóla.

Á undanförnum árum hefur þó sigið á ógæfuhliðina hér í Garðabæ. Við stöndum frammi fyrir því að framlag til sjálfstætt starfandi skóla er að nálgast hin hefðbundnu 75%, sem önnur sveitarfélög hafa verið að greiða.

Rekstrarumhverfi sjálfstæðra skóla í öðrum sveitarfélögum hafa þó verið tryggari, því að þeir skólar hafa samhliða getað sótt skólagjöld fyrir eftirstandandi 25% af kostnaði. Við í Viðreisn viljum hins vegar ekki taka upp skólagjöld í Garðabæ og alls ekki að skapa þá stöðu að eftir því yrði kallað að tekin yrði upp skólagjöld í sumum skólum bæjarins. Við viljum heldur tryggja að fullt fjármagn fylgi hverju barni óháð þeim skóla sem valið er að stunda nám við.

Við í Viðreisn viljum forystu Garðabæjar í þessu máli áfram og stöndum með þeirri prinsipp afstöðu að bjóða foreldrum upp á raunverulegt frelsi til að velja.

Sara Dögg Svanhildardóttir - bæjarfulltrúi Viðreisnar

Tillaga Garðabæjarlistans um örugg hjólastæði

Bæjarstjórn samþykkir að fela tækni- og umhverfissviði að taka saman yfirlit yfir þá skóla og íþróttamannvirki þar sem mest þörf er fyrir öruggari hjólastæði, yfirbyggð og/eða myndavélavöktuð hjólaskýli. Fyrsti fasi í uppsetningu slíkra stæða og skýla, út frá fyrrnefndri þarfagreiningu, verði hluti fjárhagsáætlunar ársins 2023.

Greinargerð

Líkt og annars staðar á höfuðborgarsvæðinu hefur hjólum, rafhjólum og rafhlaupahjólum í Garðabæ reglulega verið stolið þar sem þau eru geymd fyrir utan skóla og íþróttamannvirki. Brýnt er að auka veg þeirra vegfarenda sem nota virka ferðamáta og ljóst er að öruggari geymslustaðir munu hvetja fleira fólk á öllum aldri til að nýta sér þessa samgöngukosti oftar. Bæði er um að ræða lýðheilsu- og umhverfismál.

Yfirstandandi hjá Garðabæ er vinna við kortlagningu vistvænna ferðamáta sem á í framhaldinu að verða grundvöllur aðgerðaráætlunar. Við teljum að aðgerð líkt og sú sem hér er lögð fram sé bæði til þess fallin að mæta aðkallandi þörf og ein frumforsenda þess að ýta undir virka ferðamáta í bænum og jákvætt viðhorf til þeirra, sérstaklega meðal barna. Því er ástæða til að flýta þessum afmarkaða þætti sérstaklega.

Tillaga um nafngiftir og fegrun hringtorga í Garðabæ

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkir að fela menningar- og safnanefnd og umhverfisnefnd að vinna tillögur um hvernig staðið verði að nafngiftum og fegrun hringtorga bæjarins. Jafnframt skulu nefndirnar vinna með tækni- og umhverfissviði að fegrun hringtorga bæjarins.

Greinargerð:

Hringtorg bæjarins setja mikinn svip á bæinn og eiga að vera prýði fyrir bæjarbúa og vegfarendur. Líta má til þess að hringtorgin hafi að einhverju leyti samræmda ásýnd með sumarblómum og öðrum gróðri sem hentar og skyggir ekki á umferð. Útilistaverk gætu mögulega verið á stærri hringtorgum.

Samkeppni meðal bæjarbúa varðandi nöfn á a.m.k. einhver hringtorg bæjarins er leið til að tengja bæjarbúa með lýðræðislegum hætti við verkefnið og nærsamfélag sitt. Menningar- og safnanefnd gæti einnig horft til sögu Garðabæjar, s.s. til sögu Bessastaða og forsetaembættisins, sem og nágrenni hvers torgs við nafngiftirnar.

Guðfinnur Sigurvinsson, formaður menningar- og safnanefndar

Hrannar Bragi Eyjólfsson, formaður íþróttá- og tómstundaráðs

Tillaga um skipan undirbúningsnefndar vegna uppbyggingar miðbæjarsvæðis í Garðabæ

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkir að skipa undirbúningsnefnd um uppbyggingu miðbæjar í Garðabæ. Markmið nefndarinnar er að að vinna að undirbúningi þess að fullgera aðlaðandi og heildstæðan miðbæ á og í kringum Garðatorg. Nefndin skal m.a. huga að heildarsýn fyrir Garðatorgssvæðið, framkvæmdum og tengingum frá Hofstöðum auk nærliggjandi svæða, gatna og stíga þar sem markmiðið er aðlaðandi umhverfi og miðbæjarsvæði sem virkar. Þá skoði nefndin hvernig hugmyndasamkeppni geti nýst í þeirri vinnu. Þá skal nefndin kanna og rýna mögulegar áfangaskiptingar framkvæmda og tímaramma. Nefndin skal leggja áherslu á náíð samráð við helstu hagsmunaaðila á svæðinu.

Nefndin verði skipuð 3 kjörnum fulltrúum (2 úr meirihluta og 1 frá minnihluta). Með nefndinni starfi víðeigandi starfsmenn bæjarins. Nefndin getur leitað til sérfræðinga eða kallað þá á fund til sín.

Nefndin skili fyrstu niðurstöðum um miðjan október 2022 þannig að unnt verði að styðjast við þær við gerð fjárhagsáætlunar 2023-2026, en vinni síðan áfram og leggi fram fullgerðar hugmyndir á fyrri hluta árs 2023.

Greinargerð:

Mikilvægt er að skipuleggja og áfangaskipta framkvæmdum við aðlaðandi miðbæ í Garðabæ, við og í kringum Garðatorg, þar sem horft er á miðbæjarsvæðið heildstætt. Hugað verði að framkvæmdum, tengingum og virkni nærliggjandi gatna og stíga.

Farið verður yfir gögn sem liggja fyrir, tækifæri sem felast í hugmyndasamkeppni og öðru vinnulagi þar sem leitast er eftir nútímalegri hönnun sem styður við jákvæða upplifun og fjölbreytt mannlíf á samtengdum svæðum. Aðlaðandi miðbær eflir bæjarbrag, laðar að fólki, fyrirtæki og þjónustu. Þar stendur íbúum til boða fjölbreytt verslun og þjónusta, vettvangur til samveru, afþreying og listir.

Undirbúningsnefnd um uppbyggingu heildstæðs miðbæjar í Garðabæ vinnur að því að móta sýn fyrir Garðatorg auk hönnunar og tengingar við nærliggjandi svæði til framtíðar í samstarfi við bæjarbúa, fagaðila og hagsmunaaðila. Í því felst m.a. að endurgera yfirbyggða hluta torgsins (göngugatan og við bóksasafn), huga að aðkomu, bílastæðum, aðgengi, merkingum, hljóðvist og lýsingu. Skilgreina framkvæmdir, ásýnd, og tengingar nærliggjandi svæða, gatna og stíga.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, forseti bæjarstjórnar

REGLUR UM GREIÐSLUR TIL FORRÁÐAMANNA BARNA

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkir eftirfarandi reglur um greiðslur til forráðamanna barna 12 mánaða og eldri sem eru á biðlista eftir leikskólavist í Garðabæ.

1. Forráðamönnum barna 12 mánaða og eldri með lögheimili í Garðabæ gefst kostur á því að sækja um þátttöku Garðabæjar í kostnaði vegna vistunar barns, þar til því býðst vistun á leikskóla, enda njóti þeir ekki annarra niðurgreiðslna vegna vistunar barnsins.
2. Sækja ber um greiðslur á vef Garðabæjar.
3. Greiðsla kemur til útborgunar fyrsta virkan dag hvers mánaðar og greiðist eftir á fyrir nýliðinn mánuð.
4. Þjóðist barni leikskóladvöl falla greiðslur niður.
5. Greiðslur miðast við almenna niðurgreiðslu hjá dagforeldrum fyrir 8 stunda vistun sem er kr. 90.269 á mánuði.

Framangreindar reglur gilda frá 1. júní 2022

Samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar

16. júní 2022

Efni: Tillaga um sumarleyfi bæjarstjórnar 2022.

Með vísan til 14. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 svo og 8. gr. samþykktar um stjórn Garðabæjar nr. 773/2013 samþykkir bæjarstjórn að fella niður reglulega fundi í sumarleyfi bæjarstjórnar í júlí og til 18. ágúst 2022. Fyrsti fundur bæjarstjórnar eftir sumarleyfi verður boðaður með dagskrá sem send verður bæjarfulltrúum 16. ágúst 2022.

Bæjarstjórn samþykkir að veita bæjarráði fullt umboð til afgreiðslu mála meðan á sumarleyfi bæjarstjórnar stendur, svo sem mælt er fyrir um í 5. mgr. 35. gr. sveitarstjórnarlaga.